11. Netkerfi mælistöðva geislavirkra kjarnategunda skal stutt starfsemi rannsóknarstofa sem tækniskrifstofan fullgildir í samræmi við viðeigandi rekstrarhandbók um hvernig ber að standa að, samkvæmt samningi við stofnunina og á grundvelli gjalds fyrir veitta þjónustu, greiningu sýna frá mælistöðvum geislavirkra kjarnategunda. Framkvæmdaráðið skal einnig og eftir þörfum nýta sér þá þjónustu rannsóknarstofa, sem eru tilgreindar í töflu 2-B í 1. viðauka við bókun þessa og búnar viðeigandi tækjum, að framkvæma viðbótargreiningu sýna frá mælistöðvum geislavirkra kjarnategunda. Tækniskrifstofunni er, með samþykki framkvæmdaráðsins, heimilt að fullgilda fleiri rannsóknarstofur til þess að framkvæma kerfisbundna greiningu sýna frá handvirkum mælistöðvum ef nauðsyn krefur. Allar fullgiltar rannsóknarstofur skulu láta Alþjóðagagnamiðstöðinni í té niðurstöður fyrrnefndra greininga og jafnframt uppfylla tækni- og rekstrarkröfurnar sem eru tilgreindar í rekstrarhandbókinni fyrir mælingar

radionuclide monitoring stations and certified laboratories. The network shall provide data in accordance with agreed procedures to the International Data Centre.

10. The network of stations to measure radionuclides in the atmosphere shall comprise an overall network of 80 stations, as specified in Table 2-A of Annex 1 to this Protocol. All stations shall be capable of monitoring for the presence of relevant particulate matter in the atmosphere. Forty of these stations shall also be capable of monitoring for the presence of relevant noble gases upon the entry into force of this Treaty. For this purpose the Conference, at its initial session, shall approve a recommendation by the Preparatory Commission as to which 40 stations from Table 2-A of Annex 1 to this Protocol shall be capable of noble gas monitoring. At its first regular annual session, the Conference shall consider and decide on a plan for implementing noble gas monitoring capability throughout the network. The Director-General shall prepare a report to the Conference on the modalities for such implementation. All monitoring stations shall fulfil the technical and operational requirements specified in the Operational Manual for Radionuclide Monitoring and the International Exchange of Radionuclide Data.

11. The network of radionuclide monitoring stations shall be supported by laboratories, which shall be certified by the Technical Secretariat in accordance with the relevant operational manual for the performance, on contract to the Organization and on a fee-for-service basis, of the analysis of samples from radionuclide monitoring stations. Laboratories specified in Table 2-B of Annex 1 to this Protocol, and appropriately equipped, shall, as required, also be drawn upon by the Technical Secretariat to perform additional analysis of samples from radionuclide monitoring stations. With the agreement of the Executive Council, further laboratories may be certified by the Technical Secretariat to perform the routine analysis of samples from manual monitoring stations where necessary. All certified laboratories shall provide the results of such analysis to the International Data Centre, and in so doing shall fulfil the technical and operational requirements specified in the Operational Manual on Radio-

geislavirkra kjarnategunda og fyrir gagnkvæm skipti ríkja á gögnum um geislavirkar kjarnategundir.

D. Hljóðmæling í vatni.

12. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til þess að skiptast á hljóðeðlisfræðilegum gögnum við önnur ríki, sem er aflað í vatni, í því skyni að aðstoða við að sannreyna að ákvæði samnings þessa séu virt. Samvinna þessi er meðal annars fólgin í því að koma á fót og reka hnattrænt netkerfi stöðva til hljóðmælinga í vatni. Alþjóðagagnamiðstöðinni skulu berast gögn frá fyrrnefndum stöðvum samkvæmt umsömdu verklagi.
13. Netkerfi hljóðeðlisfræðilegra stöðva í vatni skal samanstanda af stöðvunum sem eru tilgreindar í töflu 3 í 1. viðauka við bókun þessa og ná yfir sex hljóðmælistöðvar í vatni og fimm T-fasastöðvar alls. Fyrrnefndar stöðvar skulu uppfylla tækni- og rekstrarkröfurnar sem eru tilgreindar í rekstrarhandbókinni fyrir hljóðmælingar í vatni og fyrir gagnkvæm skipti ríkja á hljóðeðlisfræðilegum gögnum sem er aflað í vatni.

E. Lágtíðnihljóðbylgjumælingar.

14. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til þess að skiptast á lágtíðnihljóðbylgjugögnum við önnur ríki í því skyni að aðstoða við að sannreyna að ákvæði samnings þessa séu virt. Samvinna þessi er meðal annars fólgin í því að koma á fót og reka hnattrænt netkerfi stöðva til lágtíðnihljóðbylgjumælinga. Alþjóðagagnamiðstöðinni skulu berast gögn frá fyrrnefndum stöðvum samkvæmt umsömdu verklagi.
15. Netkerfi lágtíðnihljóðbylgjustöðva skal samanstanda af stöðvunum sem eru tilgreindar í töflu 4 í 1. viðauka við bókun þessa og ná yfir 60 stöðvar alls. Fyrrnefndar stöðvar skulu uppfylla tækni- og rekstrarkröfurnar sem eru tilgreindar í rekstrarhandbókinni fyrir lágtíðnihljóðbylgjumælingar og fyrir gagnkvæm skipti ríkja á lágtíðnihljóðbylgjugögnum.

F. Hlutverk Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar.

16. Alþjóðagagnamiðstöðin skal taka á móti, safna, vinna úr, greina, gefa skýrslu um og varðveita gögn frá vöktunarvirkjum alþjóðavöktunarkerfisins, meðal annars niðurstöður greininga sem fara fram í fullgiltum rannsóknarstofum.

nuclide Monitoring and the International Exchange of Radionuclide Data.

D. HYDROACOUSTIC MONITORING

12. Each State Party undertakes to cooperate in an international exchange of hydroacoustic data to assist in the verification of compliance with this Treaty. This cooperation shall include the establishment and operation of a global network of hydroacoustic monitoring stations. These stations shall provide data in accordance with agreed procedures to the International Data Centre.

13. The network of hydroacoustic stations shall consist of the stations specified in Table 3 of Annex 1 to this Protocol, and shall comprise an overall network of six hydrophone and five T-phase stations. These stations shall fulfil the technical and operational requirements specified in the Operational Manual for Hydroacoustic Monitoring and the International Exchange of Hydroacoustic Data.

E. INFRASOUND MONITORING

14. Each State Party undertakes to cooperate in an international exchange of infrasound data to assist in the verification of compliance with this Treaty. This cooperation shall include the establishment and operation of a global network of infrasound monitoring stations. These stations shall provide data in accordance with agreed procedures to the International Data Centre.

15. The network of infrasound stations shall consist of the stations specified in Table 4 of Annex 1 to this Protocol, and shall comprise an overall network of 60 stations. These stations shall fulfil the technical and operational requirements specified in the Operational Manual for Infrasound Monitoring and the International Exchange of Infrasound Data.

F. INTERNATIONAL DATA CENTRE FUNCTIONS

16. The International Data Centre shall receive, collect, process, analyse, report on and archive data from International Monitoring System facilities, including the results of analysis conducted at certified laboratories.

17. Starfsreglur og staðalviðmiðanir fyrir kembirannsókn atvika, sem Alþjóðagagnamiðstöðinni ber að nota þegar hún gegnir umsömdum hlutverkum sínum, einkum að leggja fram staðlað skýrsluefni og inna af hendi staðlaða þjónustu við aðildarríki, skulu útlistaðar í rekstrarhandbókinni fyrir Alþjóðagagnamiðstöðina og samdar í áföngum. Ráðstefnan skal samþykkja starfsreglurnar og viðmiðanirnar, sem undirbúningsnefndin semur upphaflega, á upphafsfundi sínum

Staðlaðar afurðir Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar.

18. Alþjóðagagnamiðstöðin skal beita á kerfisbundinn hátt sjálfvirkum vinnsluaðferðum og gagnvirkri greiningu, sem menn framkvæma, á óunnin gögn alþjóðavöktunarkerfisins í því skyni að leggja fram og varðveita staðlaðar afurðir Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar fyrir hönd allra aðildarríkja. Fyrrnefndar afurðir skal láta aðildarríkjunum í té þeim að kostnaðarlausu og skulu þær vera með fyrirvara um endanlegt álit um eðli sérhvers atviks, sem skal áfram vera viðfangsefni aðildarríkjanna, og ná yfir:
    a) samþættar skrár yfir öll merki, sem alþjóðavöktunarkerfið nemur, og staðlaðar atvikaskrár og greinargerðir um atvik, þar með talin gildi og tengd óvissa reiknuð út fyrir hvert atvik sem Alþjóðagagnamiðstöðin finnur og eru byggð á safni staðlaðra auðkenna;
    b) staðlaðar greinargerðir um atvik sem eru rannsökuð í þaula í kjölfar þess að Alþjóðagagnamiðstöðin beitir staðalviðmiðunum fyrir kembirannsókn atvika á hvert atvik, jafnframt því að notast við þau auðkenni, sem um getur í 2. viðauka við bókun þessa, í því skyni að lýsa atvikum, beina athygli að þeim í stöðluðu greinargerðinni um atvik og þar með skilja þau frá, það er atvik sem eru talin fara saman við náttúrufyrirbæri eða fyrirbæri af mannavöldum sem eiga ekki skylt við kjarnorku. Í stöðluðu greinargerðinni um atvik skulu koma fram tölulegar upplýsingar fyrir hvert atvik um það að hve miklu leyti atvikið uppfyllir eða uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir kembirannsókn atvika. Alþjóðagagnamiðstöðin skal, þegar hún beitir staðlaðri kembirannsókn atvika, nota viðmiðanir fyrir

17. The procedures and standard event screening criteria to be used by the International Data Centre in carrying out its agreed functions, in particular for the production of standard reporting products and for the performance of standard range of services for States Parties, shall be elaborated in the Operational Manual for the International Data Centre and shall be progressively developed. The procedures and criteria developed initially by the Preparatory Commission shall be approved by the Conference at its initial session.

International Data Centre Standard Products

18. The International Data Centre shall apply on a routine basis automatic processing methods and interactive human analysis to raw International Monitoring System data in order to produce and archive standard International Data Centre products on behalf of all States Parties. These products shall be provided at no cost to States Parties and shall be without prejudice to final judgements with regard to the nature of any event, which shall remain the responsibility of States Parties, and shall include:
    a. Integrated lists of all signals detected by the International Monitoring System, as well as standard event lists and bulletins, including the values and associated uncertainties calculated for each event located by the International Data Centre, based on a set of standard parameters;
    b. Standard screened event bulletins that result from the application to each event by the International Data Centre of standard event screening criteria, making use of the characterization parameters specified in Annex 2 to this Protocol, with the objective of characterizing, highlighting in the standard event bulletin, and thereby screening out, events considered to be consistent with natural phenomena or non-nuclear, man-made phenomena. The standard event bulletin shall indicate numerically for each event the degree to which that event meets or does not meet the event screening criteria. In applying standard event screening, the International Data Centre shall use both global and supplementary screening criteria to take account of regional variations where applicable. The International Data Centre

kembirannsóknir, bæði alhliða og aukalegar, til þess að taka megi tillit til svæðisbundinnar fjölbreytni þar sem það á við. Alþjóðagagnamiðstöðin skal auka tæknigetu sína í áföngum eftir því sem meiri reynslu er aflað við rekstur alþjóðavöktunarkerfisins;

c) samantektir, stjórnunarlegs eðlis, þar sem dregin eru saman gögn sem Alþjóðagagnamiðstöðin aflar sér og varðveitir, afurðir Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar og afkasta- og rekstrarstöðu alþjóðavöktunarkerfisins og Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar; og

d) útdrætti úr stöðluðum afurðum Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar og hlutmengi þeirra sem um getur í a- til c-liðum og eru valin samkvæmt beiðni einstaks aðildarríkis.

19. Alþjóðagagnamiðstöðin skal framkvæma sérstakar rannsóknir, aðildarríkjunum að kostnaðarlausu, í því skyni að leggja fram ítarlegt og tæknilegt yfirlit unnið með sérfræðilegri greiningu gagna frá alþjóðavöktunarkerfinu, fari stofnunin eða aðildarríki fram á það, sem þjónar því markmiði að lagfæra áætluð gildi staðlaðra auðkenna merkja og atvika.

Þjónusta Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar við aðildarríkin.

20. Alþjóðagagnamiðstöðin skal veita aðildarríkjunum frjálsan, jafnan, tímanlegan og auðveldan aðgang að öllum gögnum alþjóðavöktunarkerfisins, óunnum sem unnum, öllum afurðum Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar og öllum öðrum gögnum alþjóðavöktunarkerfisins í skjalageymslu Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar eða, fyrir atbeina Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar, vöktunarvirkjum alþjóðavöktunarkerfisins. Aðgerðir til þess að treysta aðgang að gögnum og útvegun gagna skulu meðal annars fólgnar í þeirri þjónustu sem hér greinir:

a) að senda, með sjálfvirkum og reglubundnum hætti, afurðir Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar til aðildarríkis eða úrval úr þeim eins og viðkomandi aðildarríki biður um og, samkvæmt beiðni, það úrval úr gögnum alþjóðavöktunarkerfisins sem viðkomandi aðildarríki biður um;

b) að útvega gögn eða afurðir, sem eru framleiddar sérstaklega til þess að svara sérstökum beiðnum aðildarríkjanna um að gögn og afurðir verði leituð uppi í skjala-

shall progressively enhance its technical capabilities as experience is gained in the operation of the International Monitoring System;

c. Executive summaries, which summarize the data acquired and archived by the International Data Centre, the products of the International Data Centre, and the performance and operational status of the International Monitoring System and International Data Centre; and

d. Extracts or subsets of the standard International Data Centre products specified in sub-paragraphs (a) to (c), selected according to the request of an individual State Party.

19. The International Data Centre shall carry out, at no cost to States Parties, special studies to provide in-depth, technical review by expert analysis of data from the International Monitoring System, if requested by the Organization or by a State Party, to improve the estimated values for the standard signal and event parameters.

International Data Centre Services to States Parties

20. The International Data Centre shall provide States Parties with open, equal, timely and convenient access to all International Monitoring System data, raw or processed, all International Data Centre products, and all other International Monitoring System data in the archive of the International Data Centre or, through the International Data Centre, of International Monitoring System facilities. The methods for supporting data access and the provision of data shall include the following services:

a) Automatic and regular forwarding to a State Party of the products of the International Data Centre or the selection by the State Party thereof, and, as requested, the selection by the State Party of International Monitoring System data;

b) The provision of the data or products generated in response to ad hoc requests by States Parties for the retrieval from the International Data Centre and Internati-

geymslum Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar og vöktunarvirkjum alþjóðavöktunarkerfisins, meðal annars að veita gagnvirkan rafrænan aðgang að gagnagrunni Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar; og

c) að aðstoða einstök aðildarríki, að beiðni þeirra og þeim að kostnaðarlausu þegar um eðlilega fyrirhöfn er að ræða, við sérfræðilega og tæknilega greiningu gagna alþjóðavöktunarkerfisins og annarra viðeigandi gagna sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, útvegar, í því skyni að hjálpa viðkomandi aðildarríki við að finna uppsprettu tiltekinna atvika. Líta ber á útkomu allra slíkra tæknilegra greininga sem afurð aðildarríkisins, sem lagði beiðnina fram, en hún skal jafnframt aðgengileg öllum aðildarríkjum.

Sérhverju aðildarríki skal standa þjónusta Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar, sem um getur í a- og b-liðum, til boða því að kostnaðarlausu. Umfang og form gagna skal setja fram í rekstrarhandbókinni fyrir Alþjóðagagnamiðstöðina.

Innlend kembirannsókn atvika.

21. Alþjóðagagnamiðstöðin skal, komi fram beiðni aðildarríkis um slíkt, beita á hvaða staðlaðar afurðir sínar sem er, reglubundið og með sjálfvirkum hætti, innlendum viðmiðunum fyrir kembirannsókn atvika, sem fyrrnefnt aðildarríki hefur ákveðið, og láta aðildarríkinu í té niðurstöður slíkrar greiningar. Þessi þjónusta skal innt af hendi aðildarríkinu, sem biður um hana, að kostnaðarlausu. Líta ber á útkomu slíkrar innlendrar kembirannsóknar atvika sem afurð aðildarríkisins sem bað um fyrrnefnda þjónustu.

Tækniaðstoð.

22. Alþjóðagagnamiðstöðin skal veita einstökum aðildarríkjum tækniaðstoð þegar þess er óskað:

a) við framsetningu þarfa þeirra með tilliti til vals á gögnum og afurðum og kembirannsóknar þeirra;

b) með því að setja upp við Alþjóðagagnamiðstöðina, þeim að kostnaðarlausu þegar um eðlilega fyrirhöfn er að ræða, tölvureiknirit eða -hugbúnað, sem viðkomandi aðildarríki lætur í té, í því skyni að reikna út ný auðkenni merkja og atvika, sem ekki er að finna í rekstrarhandbókinni fyrir Alþjóðagagnamiðstöðina, þar sem

onal Monitoring System facility archives of data and products, including interactive electronic access to the International Data Centre database; and

c) Assisting individual States Parties, at their request and at no cost for reasonable efforts, with expert technical analysis of International Monitoring System data and other relevant data provided by the requesting State Party, in order to help the State Party concerned to identify the source of specific events. The output of any such technical analysis shall be considered a product of the requesting State Party, but shall be available to all States Parties.

The International Data Centre services specified in sub-paragraphs (a) and (b) shall be made available at no cost to each State Party. The volumes and formats of data shall be set out in the Operational Manual for the International Data Centre.

National Event Screening

21. The International Data Centre shall, if requested by a State Party, apply to any of its standard products, on a regular and automatic basis, national event screening criteria established by that State Party, and provide the results of such analysis to that State Party. This service shall be undertaken at no cost to the requesting State Party. The output of such national event screening processes shall be considered a product of the requesting State Party.

Technical Assistance

22. The International Data Centre shall, where required, provide technical assistance to individual States Parties;

a. In formulating their requirements for selection and screening of data and products;

b. By installing at the International Data Centre, at no cost to a requesting State Party for reasonable efforts, computer algorithms or software provided by that State Party to compute new signal and event parameters that are not included in the Operational Manual for the International Data Centre, the output being

útkoman telst afurð aðildarríkisins sem biður um aðstoð; og

c) með því að aðstoða aðildarríki við að skapa hæfni til þess að taka við, vinna og greina gögn alþjóðavöktunarkerfisins í innlendri gagnamiðstöð.

23. Alþjóðagagnamiðstöðin skal fylgjast stöðugt með og gefa skýrslu um rekstrarstöðu vöktunarvirkja alþjóðavöktunarkerfisins, fjarskiptasambanda og eigin vinnslukerfa. Hún skal gera viðkomandi ábyrgðaraðilum viðvart án tafar uppfylli rekstrarútkoma einhvers þáttar ekki umsamdar viðmiðanir sem eru settar fram í viðeigandi rekstrarhandbók.

II. hluti.
Vettvangsskoðun.

A. Almenn ákvæði.

1. Starfsreglurnar í þessum hluta komi til framkvæmda samkvæmt ákvæðunum um vettvangsskoðanir sem eru sett fram í IV. gr.
2. Vettvangsskoðun skal fara fram á því svæði þar sem atvikið, sem varð tilefni beiðninnar um vettvangsskoðun, átti sér stað.
3. Svæðið, þar sem vettvangsskoðun fer fram, skal vera samfellt og yfir 1.000 ferkílómetrar á stærð. Engin vegalengd eftir beinni línu milli tveggja staða skal vera meiri en 50 kílómetrar í hvaða átt sem er.
4. Vettvangsskoðun skal ekki standa yfir lengur en 60 daga frá þeim degi er beiðni um vettvangsrannsókn, skv. 46. mgr. IV. gr., var samþykkt, en heimilt er að framlengja hana um mest 70 daga skv. 49. mgr. IV. gr.

5. Ákvæðin um vettvangsskoðun skulu, eftir atvikum, gilda um hvert þeirra aðildarríkja, sem skoðunarsvæðið nær til, nái skoðunarsvæðið, sem er tilgreint í skoðunarumboðinu, til landsvæðis eða annars staðar í lögsögu, eða staðar sem lýtur yfirráðum, fleiri en eins aðildarríkis.
6. Sé skoðunarsvæðið í lögsögu aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, eða lúti yfirráðum þess, en staðsett á landsvæði annars aðildarríkis, eða sé nauðsynlegt að fara gegnum landsvæði annars aðildarríkis en þess sem er skoðunarþoli til þess að komast inn á skoðunarsvæðið frá komustað skal aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, neyta réttinda og uppfylla skyldur, í tengslum við slíka skoðun, í samræmi við bókun þessa. Ef þannig háttar

considered products of the requesting State Party; and

c. By assisting States Parties to develop the capability to receive, process and analyse International Monitoring System data at a national data centre.

23. The International Data Centre shall continuously monitor and report on the operational status of the International Monitoring System facilities, of communications links, and of its own processing systems. It shall provide immediate notification to those responsible should the operational performance of any component fail to meet agreed levels set out in the relevant operational manual.

PART II
ON-SITE INSPECTIONS

A. GENERAL PROVISIONS

1. The procedures in this Part shall be implemented pursuant to the provisions for on-site inspections set out in Article IV.
2. The on-site inspection shall be carried out in the area where the event that triggered the on-site inspection request occurred.
3. The area of an on-site inspection shall be continuous and its size shall not exceed 1,000 square kilometres. There shall be no linear distance greater than 50 kilometres in any direction.
4. The duration of an on-site inspection shall not exceed 60 days from the date of the approval of the on-site inspection request in accordance with Article IV, paragraph 46, but may be extended by a maximum of 70 days in accordance with Article IV, paragraph 49.
5. If the inspection area specified in the inspection mandate extends to the territory or other place under the jurisdiction or control of more than one State Party, the provisions on on-site inspections shall, as appropriate, apply to each of the States Parties to which the inspection area extends.
6. In cases where the inspection area is under the jurisdiction or control of the inspected State Party but is located on the territory of another State Party or where the access from the point of entry to the inspection area requires transit through the territory of a State Party other than the inspected State Party, the inspected State Party shall exercise the rights and fulfil the obligations concerning such inspections in accordance with this Protocol.

skal aðildarríkið, sem á landsvæði þar sem skoðunarsvæðið er, greiða fyrir skoðuninni og veita nauðsynlega aðstoð til þess að gera skoðunarhópnum kleift að vinna verk sín tímanlega og með skilvirkum hætti. Aðildarríki, sem eiga landsvæði þar sem nauðsynlegt er að fara gegnum til þess að komast inn á skoðunarsvæðið, skulu greiða fyrir slíkri gegnumferð.

In such a case, the State Party on whose territory the inspection area is located shall facilitate the inspection and shall provide for the necessary support to enable the inspection team to carry out its tasks in a timely and effective manner. States Parties through whose territory transit is required to reach the inspection area shall facilitate such transit.

7. Sé skoðunarsvæðið í lögsögu aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, eða lúti yfirráðum þess, en staðsett á landsvæði aðildarríkis að samningi þessum, skal aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að skoðun geti farið fram í samræmi við bókun þessa. Aðildarríki, sem hefur eitt eða fleiri svæði í lögsögu sinni eða sem lúta yfirráðum þess en sem jafnframt eru á landsvæði ríkis sem er ekki aðili að samningi þessum, skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að ríkið, sem á landsvæði þar sem skoðunarsvæðið er staðsett, taki við skoðunarmönnunum og aðstoðarmönnum við skoðun sem fyrrnefnt aðildarríki fær til sín. Geti aðildarríki, sem er skoðunarþoli, ekki tryggt aðgang skal það sýna fram á að það hafi gert allar ráðstafanir til þess að tryggja aðgang.

7. In cases where the inspection area is under the jurisdiction or control of the inspected State Party but is located on the territory of a State not Party to this Treaty, the inspected State Party shall take all necessary measures to ensure that the inspection can be carried out in accordance with this Protocol. A State Party that has under its jurisdiction or control one or more areas on the territory of a State not Party to this Treaty shall take all necessary measures to ensure acceptance by the State on whose territory the inspection area is located of inspectors and inspection assistants designated to that State Party. If an inspected State Party is unable to ensure access, it shall demonstrate that it took all necessary measures to ensure access.

8. Sé skoðunarsvæðið staðsett á landsvæði aðildarríkis en í lögsögu ríkis, sem er ekki aðili að samningi þessum, eða lúti yfirráðum þess skal aðildarríkið gera, með fyrirvara um reglur og lögvenjur þjóðaréttar, allar nauðsynlegar ráðstafanir, sem er krafist af aðildarríki sem er skoðunarþoli og aðildarríki sem á landsvæði þar sem skoðunarsvæðið er staðsett, til þess að tryggja að vettvangsskoðunin geti farið fram í samræmi við bókun þessa. Geti aðildarríkið ekki tryggt aðgang að skoðunarsvæðinu skal það sýna fram á að það hafi gert allar ráðstafanir til þess að tryggja aðgang með fyrirvara um reglur og lögvenjur þjóðaréttar.

8. In cases where the inspection area is located on the territory of a State Party but is under the jurisdiction or control of a State not Party to this Treaty, the State Party shall take all necessary measures required of an inspected State Party and a State Party on whose territory the inspection area is located, without prejudice to the rules and practices of international law, to ensure that the on-site inspection can be carried out in accordance with this Protocol. If the State Party is unable to ensure access to the inspection area, it shall demonstrate that it took all necessary measures to ensure access, without prejudice to the rules and practices of international law.

9. Fjöldi þeirra sem myndar skoðunarhóp skal miðaður við þann lágmarksfjölda sem þarf til þess að fullnægja ákvæðum skoðunarumboðsins á réttan hátt. Heildarfjöldi manna í skoðunarhópnum, sem er á landsvæði aðildarríkis sem er skoðunarþoli, skal aldrei vera meiri en 40 á hverjum tíma, nema þegar boranir fara fram. Enginn með ríkisfang aðildarríkis, sem fer fram á skoðun, eða aðildarríkis, sem er skoðunarþoli, skal vera í skoðunarhópnum.

9. The size of the inspection team shall be kept to the minimum necessary for the proper fulfilment of the inspection mandate. The total number of members of the inspection team present on the territory of the inspected State Party at any given time, except during the conduct of drilling, shall not exceed 40 persons. No national of the requesting State Party or the inspected State Party shall be a member of the inspection team.

10. Aðalframkvæmdastjórinn ákveður fjölda manna í skoðunarhópi og velur þá úr skránni yfir skoðunarmenn og aðstoðarmenn við skoðun að teknu tilliti til aðstæðna sem tengjast tiltekinni beiðni.
11. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal sjá skoðunarhópnum fyrir nauðsynlegum þægindum, eða gera ráðstafanir vegna þeirra, til dæmis samskiptaleiðum, þjónustu túlka, flutningum, athafnarými, húsnæði, máltíðum og læknishjálp.
12. Stofnunin skal, á hæfilega löngum tíma eftir að skoðun lýkur, endurgreiða aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, öll útgjöld, þar með talin þau sem um getur í 11. og 49. mgr., sem tengjast dvöl og virku starfi skoðunarhópsins á landsvæði aðildarríkisins sem er skoðunarþoli.
13. Starfsreglum um framkvæmd vettvangsskoðana skal lýst nákvæmlega í rekstrarhandbókinni fyrir vettvangsskoðanir.

B. Föst tilhögun.

Tilnefning skoðunarmanna og aðstoðarmanna við skoðun.

14. Í skoðunarhópi geta verið skoðunarmenn og aðstoðarmenn við skoðun. Einungis hæfir skoðunarmenn, sem til þess eru tilnefndir sérstaklega, skulu framkvæma vettvangsskoðun. Þeir geta notið aðstoðar aðstoðarmanna við skoðun, sem eru sérstaklega tilnefndir, til dæmis tæknimanna og starfsmanna sem annast stjórnun, flugáhafna og túlka.
15. Aðildarríkin skulu velja skoðunarmenn og aðstoðarmenn við skoðun til tilnefningar eða aðalframkvæmdastjórinn, þegar um ræðir starfslið tækniskrifstofunnar, á grundvelli sérþekkingar þeirra og reynslu sem eiga skylt við tilgang og markmið með vettvangsskoðun. Aðildarríkin skulu samþykkja fyrirfram þá sem eru valdir í samræmi við 18. mgr.
16. Sérhvert aðildarríki skal, eigi síðar en 30 dögum eftir gildistöku samnings þessa að því er það varðar, tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um nöfn, fæðingardag, kyn, stöðu, menntun og hæfi og starfsreynslu þeirra einstaklinga sem það gerir tillögu um að verði tilnefndir sem skoðunarmenn og aðstoðarmenn við skoðun.
17. Tækniskrifstofan skal, eigi síðar en 60 dögum eftir gildistöku samnings þessa, senda öllum

10. The Director-General shall determine the size of the inspection team and select its members from the list of inspectors and inspection assistants, taking into account the circumstances of a particular request.
11. The inspected State Party shall provide for or arrange the amenities necessary for the inspection team, such as communication means, interpretation services, transportation, working space, lodging, meals, and medical care.
12. The inspected State Party shall be reimbursed by the Organization, in reasonably short period of time after conclusion of the inspection, for all expenses, including those mentioned in paragraphs 11 and 49, related to the stay and functional activities of the inspection team on the territory of the inspected State Party.
13. Procedures for the implementation of on-site inspections shall be detailed in the Operational Manual for On-Site Inspections.

B. STANDING ARRANGEMENTS

Designation of Inspectors and Inspection Assistants

14. An inspection team may consist of inspectors and inspection assistants. An on-site inspection shall only be carried out by qualified inspectors specially designated for this function. They may be assisted by specially designated inspection assistants, such as technical and administrative personnel, aircrew and interpreters.
15. Inspectors and inspection assistants shall be nominated for designation by the States Parties or, in case of staff of the Technical Secretariat, by the Director-General, on the basis of their expertise and experience relevant to the purpose and functions of on-site inspections. The nominees shall be approved in advance by the States Parties in accordance with paragraph 18.
16. Each State Party, no later than 30 days after the entry into force of this Treaty for it, shall notify the Director-General of the names, dates of birth, sex, ranks, qualifications and professional experience of the persons proposed by the State Party for designation as inspectors and inspection assistants.
17. No later than 60 days after the entry into force of this Treaty, the Technical Secretariat

aðildarríkjum skriflega frumskrá með nöfnum, ríkisfangi, fæðingardegi, kyni og stöðu skoðunarmanna og aðstoðarmanna við skoðun, sem gerð er tillaga um að aðalframkvæmdastjórinn og aðildarríkin tilnefni, ásamt lýsingu á menntun þeirra og hæfi og starfsreynslu.

18. Sérhvert aðildarríki skal staðfesta án tafar móttöku frumskrárinnar yfir skoðunarmenn og aðstoðarmenn við skoðun sem gerð er tillaga um að verði tilnefndir. Líta ber svo á að allir skoðunarmenn og aðstoðarmenn við skoðun, sem eru í skránni, hafi hlotið samþykki, nema aðildarríki lýsi því skriflega yfir að það samþykki ekki viðkomandi eigi síðar en 30 dögum eftir að það staðfestir móttöku skrárinnar. Viðkomandi aðildarríki er heimilt að tilgreina ástæðu fyrir andmælum sínum. Þegar aðildarríki samþykkir ekki skoðunarmann eða aðstoðarmann við skoðun, sem gerð er tillaga um, skulu þeir ekki takast á hendur eða taka þátt í vettvangsskoðun á landsvæði aðildarríkisins, sem hefur lýst því yfir að það samþykki ekki viðkomandi, eða annars staðar í lögsögu eða á yfirráðasvæði þess. Tækniskrifstofan skal staðfesta án tafar móttöku tilkynningar um andmæli.
19. Í hvert sinn sem aðalframkvæmdastjórinn eða aðildarríki gera tillögu um viðbót við eða breytingu á skránni yfir skoðunarmenn eða aðstoðarmenn við skoðun skal tilnefna skoðunarmenn eða aðstoðarmenn í stað þeirra sem fyrir eru á sama hátt og sett er fram með tilliti til frumskrárinnar. Sérhvert aðildarríki skal tafarlaust tilkynna tækniskrifstofunni um það geti skoðunarmaður eða aðstoðarmaður við skoðun, sem það hefur valið, ekki lengur uppfyllt skyldur sínar.
20. Tækniskrifstofan skal uppfæra skrána yfir skoðunarmenn og aðstoðarmenn við skoðun reglulega og tilkynna öllum aðildarríkjum um viðbætur við eða breytingar á skránni.
21. Aðildarríki, sem fer fram á vettvangsskoðun, getur lagt til að skoðunarmaður, sem er í skránni yfir skoðunarmenn og aðstoðarmenn við skoðun, gegni hlutverki eftirlitsmanns þess í samræmi við 61. mgr. IV. gr.
22. Aðildarríki skal, með fyrirvara um 23. mgr., eiga hvenær sem er rétt á að hreyfa andmælum gegn skoðunarmanni eða aðstoðarmanni við skoðun sem þegar hefur verið samþykktur. Það skal tilkynna tækniskrifstofunni skriflega um andmæli sín og er

shall communicate in writing to all States Parties an initial list of the names, nationalities, dates of birth, sex and ranks of the inspectors and inspection assistants proposed for designation by the Director-General and the States Parties, as well as a description of their qualifications and professional experience.

18. Each State Party shall immediately acknowledge receipt of the initial list of inspectors and inspection assistants proposed for designation. Any inspector or inspection assistant included in this list shall be regarded as accepted unless a State Party, no later than 30 days after acknowledgment of receipt of the list, declares its non-acceptance in writing. The State Party may include the reason for the objection. In the case of non-acceptance, the proposed inspector or inspection assistant shall not undertake or participate in on-site inspection activities on the territory or in any other place under the jurisdiction or control of the State Party that has declared its non-acceptance. The Technical Secretariat shall immediately confirm receipt of the notification of objection.
19. Whenever additions or changes to the list of inspectors and inspection assistants are proposed by the Director-General or a State Party, replacement inspectors and inspection assistants shall be designated in the same manner as set forth with respect to the initial list. Each State Party shall promptly notify the Technical Secretariat if an inspector or inspection assistant nominated by it can no longer fulfil the duties of an inspector or inspection assistant.
20. The Technical Secretariat shall keep the list of inspectors and inspection assistants up to date and notify all States Parties of additions or changes to the list.
21. A State Party requesting an on-site inspection may propose that an inspector from the list of inspectors and inspection assistants serve as its observer in accordance with Article IV, paragraph 61.
22. Subject to paragraph 23, a State Party shall have the right at any time to object to an inspector or inspection assistant who has already been accepted. It shall notify the Technical Secretariat of its objection in writing and may include the reason for the

heimilt að tíunda ástæður andmæla sinna. Fyrrnefnd andmæli taka gildi 30 dögum eftir að tækniskrifstofan tekur við tilkynningunni. Tækniskrifstofan skal tafarlaust staðfesta viðtöku tilkynningar um andmæli og upplýsa aðildarríkið, sem hreyfir andmælum, og það, sem velur menn í skrána, um þann dag er viðkomandi skoðunarmaður eða aðstoðarmaður við skoðun er ekki lengur tilnefndur fyrir hönd fyrrnefnds aðildarríkis.

23. Aðildarríki, sem hefur verið tilkynnt um skoðun, skal ekki leita eftir því að skoðunarmaður eða aðstoðarmaður við skoðun, sem eru nafngreindir í skoðunarumboðinu, sé fjarlægður úr skoðunarhópnum.

24. Fjöldi skoðunarmanna eða aðstoðarmanna við skoðun, sem aðildarríki samþykkir, skal nægja til þess að til staðar sé tilhlýðilegur fjöldi skoðunarmann og aðstoðarmanna við skoðun. Telji aðalframkvæmdastjórinn að sú staðreynd að aðildarríki skirrist við að samþykkja skoðunarmenn eða aðstoðarmenn við skoðun hindri tilnefningu nægilegs fjölda skoðunarmanna og aðstoðarmanna við skoðun eða tefji fyrir því að tilgangi með vettvangsskoðun verði náð skal hann vísa málinu til framkvæmdaráðsins.

25. Allir skoðunarmenn, sem eru í skránni yfir skoðunarmenn og aðstoðarmenn við skoðun, skulu fá tilhlýðilega þjálfun. Tækniskrifstofan skal veita slíka þjálfun samkvæmt þeim starfsreglum sem eru tilgreindar í rekstrarhandbókinni fyrir vettvangsskoðanir. Tækniskrifstofan skal samræma, með samþykki aðildarríkjanna, þjálfunaráætlun fyrir skoðunarmennina.

Sérréttindi og friðhelgi.

26. Sérhverju aðildarríki ber, eftir að það hefur samþykkt frumskrána yfir skoðunarmenn og aðstoðarmenn við skoðun, eins og kveðið er á um í 18. mgr., eða eftir að henni er breytt síðar meir í samræmi við 19. mgr., að gefa út, samkvæmt innlendum starfsreglum og í kjölfar umsóknar skoðunarmanns eða aðstoðarmanns við skoðun, vegabréfsáritun, sem gildir fyrir fleiri en eina komu, brottför og/eða gegnumferð, og önnur viðeigandi skilríki sem gera hverjum skoðunarmanni eða aðstoðarmanni við skoðun kleift að koma inn og dvelja á landsvæði viðkomandi aðildarríkis í þeim tilgangi einum að starfa að skoðun. Sérhvert aðildarríki skal gefa út nauðsynlegar

objection. Such objection shall come into effect 30 days after receipt of the notification by the Technical Secretariat. The Technical Secretariat shall immediately confirm receipt of the notification of the objection and inform the objecting and nominating States Parties of the date on which the inspector or inspection assistant shall cease to be designated for that State Party.

23. A State Party that has been notified of an inspection shall not seek the removal from the inspection team of any of the inspectors or inspection assistants named in the inspection mandate.

24. The number of inspectors and inspection assistants accepted by a State Party must be sufficient to allow for availability of appropriate numbers of inspectors and inspection assistants. If, in the opinion of the Director-General, the non-acceptance by a State Party of proposed inspectors or inspection assistants impedes the designation of a sufficient number of inspectors and inspection assistants or otherwise hampers the effective fulfilment of the purposes of an on-site inspection, the Director-General shall refer the issue to the Executive Council.

25. Each inspector included in the list of inspectors and inspection assistants shall receive relevant training. Such training shall be provided by the Technical Secretariat pursuant to the procedures specified in the Operational Manual for On-Site Inspections. The Technical Secretariat shall co-ordinate, in agreement with the States Parties, a schedule of training for the inspectors.

Privileges and Immunities

26. Following acceptance of the initial list of inspectors and inspection assistants as provided for in paragraph 18 or as subsequently altered in accordance with paragraph 19, each State Party shall be obliged to issue, in accordance with its national procedures and upon application by an inspector or inspection assistant, multiple entry/exit and/or transit visas and other relevant documents to enable each inspector and inspection assistant to enter and to remain on the territory of that State Party for the sole purpose of carrying out inspection activities. Each State Party shall issue the necessary visa or travel documents for this purpose no later than 48

vegabréfsáritanir eða ferðaskilríki í þessu skyni eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að það tekur við umsókn eða við komu skoðunarhóps til komustaðar á landsvæði viðkomandi aðildarríkis. Fyrrnefnd skilríki skulu gilda eins lengi og nauðsynlegt er til þess að viðkomandi skoðunarmaður eða aðstoðarmaður við skoðun geti dvalið á landsvæði aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, í þeim tilgangi einum að framkvæma skoðun.

27. Þeim sem mynda skoðunarhóp skal veita sérréttindi og friðhelgi, eins og sett er fram í a- til i-liðum, til þess að þeir geti gegnt hlutverki sínu með skilvirkum hætti. Veita ber þeim sem mynda skoðunarhóp sérréttindi og friðhelgi sakir samnings þessa en ekki vegna persónulegs ávinnings sjálfra einstaklinganna. Þeir skulu njóta slíkra sérréttinda og friðhelgi allan þann tíma sem líður frá komu til og brottfarar frá landsvæði aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, og eftir það með tilliti til fyrri gerða samfara því að þeir gegna opinberu hlutverki sínu.

a) Þeim sem mynda skoðunarhóp skal veita friðhelgi sem stjórnarerindrekar njóta skv. 29. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband frá 18. apríl 1961;

b) hýbýli og skrifstofusvæði skoðunarhóps, sem starfar við skoðun samkvæmt samningi þessum, skulu njóta friðhelgi og verndar eins og um athafnasvæði stjórnarerindreka væri að ræða skv. 1. mgr. 30. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband;

c) skjöl og bréfaskipti skoðunarhóps, þar með taldar skrár hans, skulu njóta friðhelgi með sama hætti og öll skjöl og bréfaskipti stjórnarerindreka skv. 2. mgr. 30. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband. Skoðunarhópurinn á rétt á því að nota kóða í samskiptum sínum við tækniskrifstofuna;

d) sýni og samþykktur tækjabúnaður, sem menn í skoðunarhópi flytja með sér, skulu njóta friðhelgi með fyrirvara um ákvæði í samningi þessum og vera undanþegin öllum tollum. Flytja ber hættuleg sýni í samræmi við viðeigandi reglur;

hours after receipt of the application or immediately upon arrival of the inspection team at the point of entry on the territory of the State Party. Such documents shall be valid for as long as is necessary to enable the inspector or inspection assistant to remain on the territory of the inspected State Party for the sole purpose of carrying out the inspection activities.

27. To exercise their functions effectively, members of the inspection team shall be accorded privileges and immunities as set forth in sub-paragraphs (a) to (i). Privileges and immunities shall be granted to members of the inspection team for the sake of this Treaty and not for the personal benefit of the individuals themselves. Such privileges and immunities shall be accorded to them for the entire period between arrival on and departure from the territory of the inspected State Party, and thereafter with respect to acts previously performed in the exercise of their official functions.

a) The members of the inspection team shall be accorded the inviolability enjoyed by diplomatic agents pursuant to Article 29 of the Vienna Convention on Diplomatic Relations of 18 April 1961;

b) The living quarters and office premises occupied by the inspection team carrying out in spection activities pursuant to this Treaty shall be accorded the inviolability and protection accorded to the premises of diplomatic agents pursuant to Article 30, paragraph 1, of the Vienna Convention on Diplomatic Relations;

c) The papers and correspondence, including records, of the inspection team shall enjoy the inviolability accorded to all papers and correspondence of diplomatic agents pursuant to Article 30, paragraph 2, of the Vienna Convention on Diplomatic Relations. The inspection team shall have the right to use codes for their communications with the Technical Secretariat;

d) Samples and approved equipment carried by members of the inspection team shall be inviolable subject to provisions contained in this Treaty and exempt from all customs duties. Hazardous samples shall be transported in accordance with relevant regulations;

e) þeir sem mynda skoðunarhóp skulu njóta sömu undanþágna og stjórnarerindrekum eru veittar skv. 1., 2. og 3. mgr. 31. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband;

f) veita ber þeim sem mynda skoðunarhóp og vinna verk, sem mælt er fyrir um í samningi þessum, sömu undanþágur frá sköttum og gjöldum og stjórnarerindrekum eru veittar skv. 34. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband;

g) þeim sem mynda skoðunarhóp skal heimilt að flytja inn á landsvæði aðildarríkis, sem er skoðunarþoli, og án þess að greiða tolla eða skyld gjöld, hluti til einkanota, að þeim undanskildum sem lög banna inn- eða útflutning á eða sem inn- eða útflutningur á er háður reglum um sóttvarnir;

h) þeir sem mynda skoðunarhóp skulu njóta sömu aðstöðu, að því er varðar gjaldmiðla og gjaldmiðlaskipti, og fulltrúar erlendra ríkisstjórna, sem eru í tímabundnum opinberum erindagerðum, njóta; og

i) þeir sem mynda skoðunarhóp skulu ekki eiga þátt í neinni faglegri eða viðskiptalegri starfsemi í eigin þágu á landsvæði aðildarríkis sem er skoðunarþoli.

28. Þeir sem mynda skoðunarhóp skulu, er þeir fara um landsvæði annarra aðildarríkja en þess sem er skoðunarþoli, njóta sömu sérréttinda og friðhelgi og stjórnarerindrekar njóta skv. 1. mgr. 40. gr. Vínarsamningsins um stjórnmálasamband. Þau sérréttindi og friðhelgi, sem eru sett fram í c- og d-liðum, skulu gilda um skjöl og bréfaskipti þeirra sem mynda skoðunarhópinn, meðal annars skrár og sýni og samþykktan tækjabúnað sem þeir flytja með sér.

29. Þeim sem mynda skoðunarhóp skal, með fyrirvara um sérréttindi þeirra og friðhelgi, skylt að virða lög og reglur aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, og ber skylda, að því marki sem samræmist skoðunarumboði, til að skipta sér ekki af innanríkismálum fyrrnefnds ríkis. Telji aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, að sérréttindi og friðhelgi, sem eru tilgreind í bókun þessari, hafi verið misnotuð skal fara fram samráð milli aðildarríkisins og aðalframkvæmdastjórans til þess að skera úr um hvort slík misnotkun hafi átt sér stað og koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig sé úrskurðurinn á þann veg.

e) The members of the inspection team shall be accorded the immunities accorded to diplomatic agents pursuant to Article 31, paragraphs 1, 2 and 3, of the Vienna Convention on Diplomatic Relations;

f) The members of the inspection team carrying out prescribed activities pursuant to this Treaty shall be accorded the exemption from dues and taxes accorded to diplomatic agents pursuant to Article 34 of the Vienna Convention on Diplomatic Relations;

g) The members of the inspection team shall be permitted to bring into the territory of the inspected State Party, without payment of any customs duties or related charges, articles for personal use, with the exception of articles the import or export of which is prohibited by law or controlled by quarantine regulations;

h) The members of the inspection team shall be accorded the same currency and exchange facilities as are accorded to representatives of foreign Governments on temporary official missions; and

i) The members of the inspection team shall not engage in any professional or commercial activity for personal profit on the territory of the inspected State Party.

28. When transiting the territory of States Parties other than the inspected State Party, the members of the inspection team shall be accorded the privileges and immunities enjoyed by diplomatic agents pursuant to Article 40, paragraph 1, of the Vienna Convention on Diplomatic Relations. Papers and correspondence, including records, and samples and approved equipment carried by them, shall be accorded the privileges and immunities set forth in paragraph 27 (c) and (d).

29. Without prejudice to their privileges and immunities the members of the inspection team shall be obliged to respect the laws and regulations of the inspected State Party and, to the extent that is consistent with the inspection mandate, shall be obliged not to interfere in the internal affairs of that State. If the inspected State Party considers that there has been an abuse of privileges and immunities specified in this Protocol, consultations shall be held between the State Party and the Director-General to determine whether such an abuse has occurred and, if so determined, to prevent a repetition of such an abuse.

30. Aðalframkvæmdastjórinn getur fellt niður undanþágu þeirra sem mynda skoðunarhóp frá lögsögu í þeim tilvikum sem hann telur að muni hefta framgang réttvísinnar og þegar unnt er að fella slíka undanþágu niður án þess að slíkt hafi áhrif á beitingu ákvæða samnings þessa. Niðurfelling undanþágu skal ávallt vera skýlaus.
31. Eftirlitsmenn skulu njóta sömu sérréttinda og friðhelgi og þeir sem mynda skoðunarhóp samkvæmt þessum þætti, að þeim undanskildum sem eru veitt skv. d-lið 27. mgr.

Komustaðir.

Chapter III, on form, content and other details concerning applications and notifications, of Protocol 4, on the functions and powers of the EFTA Surveillance Authority in the field of competition, shall be replaced by the following:

"Chapter III
Form, content and other details concerning applications and notifications

Article 1

Persons entitled to submit applications and notifications

1. The following may submit an application under Article 2 of Chapter II relating to Article 53 (1) of the EEA Agreement or a notification under Article 4 of Chapter II and Article 1 of Chapter XVI:
   (a) any undertaking and any association of undertakings being a party to agreements or to concerted practices; and
   (b) any association of undertakings adopting decisions or engaging in practices;

   which may fall within the scope of Article 53 (1).

   Where the application or notification is submitted by some, but not all, of the parties, referred to in point (a) of the first subparagraph, they shall give notice to the other parties.
2. Any undertaking which may hold, alone or with other undertakings, a dominant position within the common market or in a substantial part of it, may submit an application under Article 2 of Chapter II relating to Article 54 of the EEA Agreement.
3. Where the application or notification is signed by representatives of persons, undertakings or associations of undertakings, such representatives shall produce written proof that they are authorized to act.
4. Where a joint application or notification is made, a joint representative should be appointed who is authorized to transmit and receive documents on behalf of all the applicants or notifying parties.

2. gr.

Framlagning umsókna og tilkynninga.

1. Umsóknir samkvæmt 2. gr. II. kafla viðvíkjandi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og tilkynningar samkvæmt 4. gr. II. kafla og 1. gr. XVI. kafla skulu lagðar fram á þann hátt sem mælt er fyrir um á eyðublaði A/B sem gefið er út í þessu skyni af ríkisstjórnum EFTA-ríkjanna með samhljóða samkomulagi, sbr. 1. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB. Einnig er heimilt að nota eyðublað A/B fyrir umsóknir samkvæmt 2. gr. II. kafla viðvíkjandi 54. gr. sáttmálans. Sameiginlegar umsóknir og sameiginlegar tilkynningar skulu vera á einu eyðublaði.
2. Senda skal sex afrit af hverri umsókn og tilkynningu og þrjú afrit af viðaukum við þær til Eftirlitsstofnunar EFTA á póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði A/B.
3. Skjöl, sem fylgja umsókn eða tilkynningu, skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit af frumritum. Í síðara tilvikinu skal umsækjandi eða tilkynnandi staðfesta að um rétt og óstytt afrit sé að ræða.
4. Umsóknir og tilkynningar skulu vera á einu af opinberum tungumálum EFTA-ríkis eða bandalagsins. Sama tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir umsækjanda og tilkynnanda. Skjöl skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberum tungumálum bandalagins skal þýðing á tungumálið, sem notað er við meðferð málsins, fylgja.

3. gr.

Efni umsókna og tilkynninga.

1. Í umsóknum og tilkynningum skulu vera þær upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublaði A/B. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.
2. Í umsóknum samkvæmt 2. gr. II. kafla viðvíkjandi 54. gr. EES-samningsins skal gera fulla grein fyrir staðreyndum málsins, m.a. tilgreina um hvers konar starfsemi sé að ræða og hver sé staða viðkomandi fyrirtækis eða fyrirtækja á því yfirráðasvæði, sem fellur undir EES-samninginn, eða á verulegum hluta þess, með hliðsjón af þeim vörum eða þjónustu sem starfsemin lýtur að.
3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er

Article 2

Submission of applications and notifications

1. Applications under Article 2 of Chapter II relating to Article 53 (1) of the EEA Agreement and notifications under Article 4 of Chapter II and Article 1 of Chapter XVI shall be submitted in the manner prescribed by form A/B issued for this purpose by the Governments of the EFTA States, by common accord, as shown in Appendix 1, or by the EC Commission. Form A/B may also be used for applications under Article 2 of Chapter II relating to Article 54 of the Treaty. Joint applications and joint notifications shall be submitted on a single form.
2. Six copies of each application and notification and three copies of the Annexes thereto shall be submitted to the EFTA Surveillance Authority at the address indicated in Form A/B.
3. The documents annexed to the application or notification shall be either originals or copies of the originals; in the latter case the applicant or notifying party shall confirm that they are true copies of the originals and complete.
4. Applications and notifications shall be in one of the official languages of an EFTA State or the Community. This language shall also be the language of the proceeding for the applicant or notifying party. Documents shall be submitted in their original language. Where the original language is not one of the official languages, a translation into the language of the proceeding shall be attached.

Article 3

Content of applications and notifications

1. Applications and notifications shall contain the information, including documents, required by Form A/B. The information must be correct and complete.
2. Applications under Article 2 of Chapter II relating to Article 54 of the EEA Agreement shall contain a full statement of the facts, specifying, in particular, the practice concerned and the position of the undertaking or undertakings within the territory covered by the EEA Agreement or a substantial part thereof in regard to the products or services to which the practice relates.
3. The EFTA Surveillance Authority may dispense with the obligation to provide any particular information, including documents,

eftir á eyðublaði A/B, telji hún að slíkar upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun málsins.

4. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda umsækjendum og tilkynnendum skriflega og án tafar staðfestingu á því að henni hafi borist umsóknin eða tilkynningin og svör við bréfum sem hún hefur sent samkvæmt 2. mgr. 4. gr.

4. gr.
Gildistökudagur umsókna og tilkynninga.

1. Litið skal svo á að umsóknir og tilkynningar öðlist gildi daginn sem þær berast Eftirlitsstofnun EFTA, samanber þó 2. til 5. mgr. þessarar greinar og 11. gr. bókunar 23 við EES-samninginn. Sé umsókn eða tilkynning hins vegar send í ábyrgðarpósti skal dagsetning gildistöku vera sú sama og á póststimpli póstafgreiðslustöðvar.

2. Telji Eftirlitsstofnun EFTA að upplýsingar í umsókn eða tilkynningu eða meðfylgjandi skjöl séu ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal hún tilkynna það umsækjanda eða tilkynnanda skriflega og án tafar og setja hæfilegan frest til að bæta við upplýsingum. Í þessum tilvikum skal litið svo á að umsóknin eða tilkynningin öðlist gildi þann dag sem fullnægjandi upplýsingar berast Eftirlitsstofnun EFTA.

3. Verði veigamiklar breytingar á upplýsingum sem koma fram í umsókn eða tilkynningu og sé umsækjanda eða tilkynnanda kunnugt um þær eða ætti að vera kunnugt um þær skulu þeir tilkynna þær Eftirlitsstofnun EFTA að eigin frumkvæði og tafarlaust.
4. Farið er með rangar eða villandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.
5. Hafi Eftirlitsstofnun EFTA ekki sent umsækjanda eða tilkynnanda upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., að liðnum einum mánuði frá því að umsóknin eða tilkynningin barst henni telst umsóknin eða tilkynningin hafa öðlast gildi þann dag sem hún barst Eftirlitsstofnun EFTA.

required by Form A/B where the EFTA Surveillance Authority considers that such information is not necessary for the examination of the case.

4. The EFTA Surveillance Authority shall, without delay, acknowledge in writing to the applicant or notifying party receipt of the application or notification, and of any reply to a letter sent by the EFTA Surveillance Authority pursuant to Article 4(2).

Article 4
Effective date of submission of applications and notifications

1. Without prejudice to paragraphs 2 to 5 of this Article and Article 11 of Protocol 23 to the EEA Agreement, applications and notifications shall become effective on the date on which they are received by the EFTA Surveillance Authority. Where, however, the application or notification is sent by registered post, it shall become effective on the date shown on the postmark of the place of posting.
2. Where the EFTA Surveillance Authority finds that the information, including documents, contained in the application or notification is incomplete in a material respect, it shall, without delay, inform the applicant or notifying party in writing of this fact and shall fix an appropriate time limit for the completion of the information. In such cases, the application or notification shall become effective on the date on which the complete information is received by the EFTA Surveillance Authority.
3. Material changes in the facts contained in the application or notification which the applicant or notifying party knows or ought to know must be communicated to the EFTA Surveillance Authority voluntarily and without delay.
4. Incorrect or misleading information shall be considered to be incomplete information.
5. Where, at the expiry of a period of one month following the date on which the application or notification has been received, the EFTA Surveillance Authority has not provided the applicant or notifying party with the information referred to in paragraph 2, the application or notification shall be deemed to have become effective on the date of its receipt by the EFTA Surveillance Authority.

5. gr.
Sérákvæði.

Eftirlitsstofnun EFTA getur, í samræmi við ákvæði 49. gr. þessa samnings, lagt fyrir ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna tillögur að eyðublöðum ásamt athugasemdum.“

Article 5
Special provisions

The EFTA Surveillance Authority may submit to the Governments of the EFTA States, in accordance with the provisions of Article 49 of this Agreement, proposals for forms and complementary notes.“

2. VIÐAUKI
við samninginn um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Eftirfarandi komi í stað XIV. kafla, um nákvæmar reglur um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf að því er varðar eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, í bókun 4, um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni:

ANNEX 2
to the Agreement amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

Chapter XIV, on detailed rules concerning notifications, time limits and hearings in the field of control of concentrations between undertakings, of Protocol 4, on the functions and powers of the EFTA Surveillance Authority in the field of competition, shall be replaced by the following:

„XIV. kafli
um nákvæmar reglur um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf að því er varðar eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

“Chapter XIV
Detailed rules concerning notifications, time limits and hearings in the field of control of concentrations between undertakings

I. þáttur.
Tilkynningar.
1. gr.
Einstaklingar sem hafa rétt til að leggja fram tilkynningar.

1. Einstaklingar eða fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), skulu leggja fram tilkynningar.
2. Þegar fulltrúar einstaklinga eða fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.
3. Sameiginlegum fulltrúa, sem hefur umboð til að senda og taka við skjölum fyrir hönd allra tilkynnenda, ber að leggja fram sameiginlegar tilkynningar.

Section I
Notifications
Article 1
Persons entitled to submit notifications

1. Notifications shall be submitted by the persons or undertakings referred to in Article 4 (2) of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89).
2. Where notifications are signed by representatives of persons or of undertakings, such representatives shall produce written proof that they are authorized to act.
3. Joint notifications should be submitted by a joint representative who is authorized to transmit and to receive documents on behalf of all notifying parties.

2. gr.
Framlagning tilkynninga.

1. Tilkynningar skal leggja fram á þann hátt sem mælt er fyrir um á eyðublaði CO sem gefið er út í þessu skyni af ríkisstjórnum EFTA-ríkjanna með samhljóða samkomulagi, sam-

Article 2
Submission of notifications

1. Notifications shall be submitted in the manner prescribed by form CO issued for this purpose by the Governments of the EFTA States, by common accord, as shown in

anber 9. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB. Sameiginlegar tilkynningar skulu vera á einu eyðublaði.

2. Senda skal Eftirlitsstofnun EFTA sex eintök af hverri tilkynningu og öllum fylgiskjölum á póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði CO.

3. Fylgiskjölin skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit af frumritum. Í síðara tilvikinu skulu tilkynnendur staðfesta að um rétt og óstytt afrit sé að ræða.

4. Tilkynningar skulu vera á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða bandalagsins. Kjósi fyrirtæki að senda Eftirlitsstofnun EFTA tilkynningu á tungumáli sem er ekki eitt opinberra tungumála ríkjanna, er heyra undir stofnunina, né vinnutungumál stofnunarinnar skulu þau samtímis láta þýðingu á opinbert tungumál eða vinnutungumál stofnunarinnar fylgja öllum skjölum. Eftirlitsstofnun EFTA skal nota tungumálið, sem þýtt er á, í samskiptum sínum við fyrirtækið. Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberu tungumálunum sem áður er getið skal þýðing á tungumálið, sem notað er við meðferð málsins, fylgja.

Appendix 9, or by the EC Commission. Joint notifications shall be submitted on a single form.

2. Six copies of each notification and of the supporting documents shall be submitted to the EFTA Surveillance Authority at the address indicated in Form CO.

3. The supporting documents shall be either originals or copies of the originals; in the latter case the notifying parties shall confirm that they are true and complete.

4. Notifications shall be in an official language of an EFTA State or of the Community. If undertakings choose to notify the EFTA Surveillance Authority in a language which is not one of the official languages of the States falling within the competence of that Authority, or a working language of that Authority, they shall simultaneously supplement all documentation with a translation into an official language or a working language of that authority. The language which is chosen for the translation shall determine the language in which the undertaking may be addressed by the EFTA Surveillance Authority. Supporting documents shall be submitted in their original language. Where the original language is not one of the official languages as referred to above, a translation into the language of the proceeding shall be attached.

3. gr.

Upplýsingar og skjöl sem láta skal í té.

1. Í tilkynningum skulu vera þær upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublaði CO. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublaði CO, telji hún að slíkar upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun málsins.

3. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda tilkynnendum eða fulltrúum þeirra skriflega og án tafar staðfestingu á því að stofnuninni hafi borist tilkynningin og svör við bréfum sem hún hefur sent samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr.

Article 3

Information and documents to be provided

1. Notifications shall contain the information, including documents, requested by Form CO. The information must be correct and complete.

2. The EFTA Surveillance Authority may dispense with the obligation to provide any particular information, including documents, requested by Form CO where the EFTA Surveillance Authority considers that such information is not necessary for the examination of the case.

3. The EFTA Surveillance Authority shall without delay acknowledge in writing to the notifying parties or their representatives receipt of the notification and of any reply to a letter sent by the EFTA Surveillance Authority pursuant to Article 4 (2) and 4 (4).

4. gr.

Gildistökudagur tilkynninga.

1. Með fyrirvara um 11. gr. bókunar 24 við EES-samninginn skal litið svo á að tilkynningar öðlist gildi daginn sem þær berast Eftirlitsstofnun EFTA, samanber þó 2., 3. og 4. mgr.

2. Ef upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem fylgja tilkynningu, eru ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna það tilkynnendum eða fulltrúum þeirra skriflega og án tafar og setja hæfilegan frest til að bæta við upplýsingum. Í þessum tilvikum skal litið svo á að tilkynningin öðlist gildi daginn sem fullnægjandi upplýsingar berast Eftirlitsstofnun EFTA.

3. Verði veigamiklar breytingar á upplýsingum sem koma fram í tilkynningu og sé tilkynnendum kunnugt um þær, eða megi ætla að þeim sé kunnugt um þær, ber þeim að tilkynna þær Eftirlitsstofnun EFTA af frjálsum vilja og án tafar. Þegar svo hagar til, og geti þessar veigamiklu breytingar haft veruleg áhrif á mat á samfylkingu, er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að líta svo á að tilkynningin öðlist gildi daginn sem upplýsingar um þessar veigamiklu breytingar berast Eftirlitsstofnun EFTA; Eftirlitsstofnun EFTA skal láta tilkynnendur eða fulltrúa þeirra vita af því skriflega og án tafar.

4. Farið verður með rangar eða villandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.

5. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA gefur út yfirlýsingu um að henni hafi borist tilkynning samkvæmt 3. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), skal hún tilgreina hvaða dag tilkynningin barst. Frestist gildistaka tilkynningar frá auglýstri dagsetningu hennar, samanber 2., 3. og 4. mgr., skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa út nýja yfirlýsingu þar sem síðari dagsetningin er tilgreind.

5. gr.

Breyting tilkynninga.

1. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að raun um að aðgerð, sem tilkynnt hefur verið um, felur

Article 4

Effective date of notification

1. Subject to paragraphs 2, 3 and 4 and without prejudice to Article 11 of Protocol 24 to the EEA Agreement, notifications shall become effective on the date on which they are received by the EFTA Surveillance Authority.

2. Where the information, including documents, contained in the notification is incomplete in a material respect, the EFTA Surveillance Authority shall without delay inform the notifying parties or their representatives in writing and shall set an appropriate time limit for the completion of the information. In such cases, the notification shall become effective on the date on which the complete information is received by the EFTA Surveillance Authority.

3. Material changes in the facts contained in the notification which the notifying parties know or ought to have known must be communicated to the EFTA Surveillance Authority voluntarily and without delay. In such cases, when these material changes could have a significant effect on the appraisal of the concentration, the notification may be considered by the EFTA Surveillance Authority as becoming effective on the date on which the information on the material changes is received by the EFTA Surveillance Authority; the EFTA Surveillance Authority shall inform the notifying parties or their representatives of this in writing and without delay.

4. Incorrect or misleading information shall be considered to be incomplete information.

5. When the EFTA Surveillance Authority publishes the fact of the notification pursuant to Article 4 (3) of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89), it shall specify the date upon which the notification has been received. Where, further to the application of paragraphs 2, 3 and 4, the effective date of notification is later than the date specified in this publication, the EFTA Surveillance Authority shall issue a further publication in which it will state the later date.

Article 5

Conversion of notifications

1. Where the EFTA Surveillance Authority finds that the operation notified does not con-

ekki í sér samfylkingu í skilningi 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) skal hún láta tilkynnendur eða fulltrúa þeirra vita af því skriflega. Ef um slíkt er að ræða skal Eftirlitsstofnun EFTA, að beiðni tilkynnenda, ef við á og með fyrirvara um 2. mgr., fara með tilkynninguna sem umsókn í skilningi 2. gr., eða tilkynningu í skilningi 4. gr. II. kafla, sem umsókn í skilningi 12. gr. eða tilkynningu í skilningi 14. gr. VI. kafla, sem umsókn í skilningi 12. gr. IX. kafla eða umsókn í skilningi 2. mgr. 3. gr. eða 5. gr. XI. kafla.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, í þeim tilvikum sem um getur í öðrum málslið 1. mgr., að krefjast þess að bætt verði við upplýsingar í tilkynningu innan hæfilegs frests sem hún setur, sé þess þörf til að meta aðgerð á grundvelli fyrrnefndra kafla. Litið skal svo á að viðkomandi umsókn eða tilkynning fullnægi kröfum, sem fram koma í þessum köflum, frá gildistökudegi upprunalegrar tilkynningar, ef Eftirlitsstofnun EFTA berast viðbótarupplýsingarnar innan tiltekins frests.

stitute a concentration within the meaning of Article 3 of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89), it shall inform the notifying parties or their representatives in writing. In such a case, the EFTA Surveillance Authority shall, if requested by the notifying parties, as appropriate and subject to paragraph 2, treat the notification as an application within the meaning of Article 2 or a notification within the meaning of Article 4 of Chapter II, as an application within the meaning of Article 12 or a notification within the meaning of Article 14 of Chapter VI, as an application within the meaning of Article 12 of Chapter IX or as an application within the meaning of Article 3 (2) or of Article 5 of Chapter XI.

2. In cases referred to in paragraph 1, second sentence, the EFTA Surveillance Authority may require that the information given in the notification be supplemented within an appropriate time limit fixed by it in so far as this is necessary for assessing the operation on the basis of the above-mentioned Chapters. The application or notification shall be deemed to fulfil the requirements of such Chapters from the date of the original notification where the additional information is received by the EFTA Surveillance Authority within the time limit fixed.

II. þáttur.
Frestir til að hefja málsmeðferð og taka ákvarðanir.

6. gr.
Upphaf frests.

1. Frestir þeir sem um getur í 1. mgr. 10. gr. XIII. kafla hefjast í upphafi fyrsta virka dags (samkvæmt skilgreiningu í 22. gr.) eftir gildistökudag tilkynningar í skilningi 4. gr. þessa kafla.

2. Fresturinn sem um getur í 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla hefst í upphafi fyrsta virka dags (samkvæmt skilgreiningu í 22. gr.) eftir að málsmeðferð var hafin.

Section II
Time Limits for Initiating Proceedings and for Decisions

Article 6
Beginning of the time period

1. The periods referred to in Article 10 (1) of Chapter XIII shall start at the beginning of the working day (as defined under Article 22) following the effective date of the notification, within the meaning of Article 4 of this Chapter.

2. The period referred to in Article 10 (3) of Chapter XIII shall start at the beginning of the working day (as defined under Article 22) following the day on which proceedings were initiated.

7. gr.
Frestur útrunninn.

1. Fresturinn, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. XIII. kafla, rennur út við lok

Article 7
End of the time period

1. The time period referred to in Article 10 (1) first subparagraph of Chapter XIII shall end

þess dags í mánuðinum eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

2. Fresturinn, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. XIII. kafla, rennur út við lok þess dags í sjöttu viku eftir að fresturinn hófst sem er sami vikudagur og upphafsdagur frestsins.

3. Fresturinn, sem um getur 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla, rennur út við lok þess dags í fjórða mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

4. Sé lokadagur frestsins ekki virkur dagur í skilningi 22. gr. rennur fresturinn út við lok næsta virka dags.

8. gr.

Framlenging vegna frídaga.

Komi í ljós, eftir að búið er að ákvarða frest í samræmi við 7. gr., að lögboðnir frídagar eða aðrir frídagar Eftirlitsstofnunar EFTA, samkvæmt skilgreiningu í 22. gr., falla innan fresta þeirra sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla skal framlengja frestina um jafnmarga virka daga.

9. gr.

Frestur rofinn.

1. Rjúfa skal frestina sem um getur í 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla verði Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 11. gr. eða 3. mgr. 13. gr. sama kafla, vegna þess:

   a) að upplýsingar, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur óskað eftir samkvæmt 1. mgr. 11. gr. XIII. kafla frá einum tilkynnanda eða öðrum hlutaðeigandi aðila (samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessa kafla) eru ekki veittar, eða ekki veittar svo fullnægjandi sé, innan þess frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur;

   b) að einn tilkynnenda eða annar hlutaðeig-

with the expiry of the day which in the month following that in which the time period began falls on the same date as the day from which the period runs. Where such a day does not occur in that month, the period shall end with the expiry of the last day of that month.

2. The time period referred to in Article 10 (1) second subparagraph of Chapter XIII shall end with the expiry of the day which in the sixth week following that in which the period began is the same day of the week as the day from which the period runs.

3. The time period referred to in Article 10 (3) of Chapter XIII shall end with the expiry of the day which in the fourth month following that in which the period began falls on the same date as the day from which the period runs. Where such a day does not occur in that month, the period shall end with the expiry of the last day of that month.

4. Where the last day of the period is not a working day within the meaning of Article 22, the period shall end with the expiry of the following working day.

Article 8

Recovery of holidays

Once the end of the time period has been determined in accordance with Article 7, if public holidays or other holidays of the EFTA Surveillance Authority as defined in Article 22 fall within the periods referred to in Article 10 (1) and in Article 10 (3) of Chapter XIII, a corresponding number of working days shall be added to those periods.

Article 9

Suspension of the time limit

1. The period referred to in Article 10 (3) of Chapter XIII shall be suspended where the EFTA Surveillance Authority, pursuant to Articles 11 (5) and 13 (3) of the same Chapter, has to take a decision because:

   (a) information which the EFTA Surveillance Authority has requested pursuant to Article 11 (1) of Chapter XIII from one of the notifying parties or another involved party (as defined in Article 11 of this Chapter) is not provided or not provided in full within the time limit fixed by the EFTA Surveillance Authority;

   (b) one of the notifying parties or another

andi aðili (samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessa kafla) hefur neitað að gangast undir rannsókn á grundvelli 1. mgr. 13. gr. XIII. kafla sem Eftirlitsstofnun EFTA telur nauðsyn á eða að aðstoða við framkvæmd slíkrar rannsóknar í samræmi við fyrrnefnt ákvæði;

c) að tilkynnendur hafa ekki tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um veigamiklar breytingar sem orðið hafa á þeim upplýsingum sem fram koma í viðkomandi tilkynningu.

2. Rjúfa skal frestina sem um getur í 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla:
   a) í tilvikum sem um getur í a-lið 1. mgr., frá þeim tíma er frestur, sem tiltekinn er í beiðni um upplýsingar, er útrunninn þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist var með ákvörðun, berast;

   b) í tilvikum sem um getur í b-lið 1. mgr., frá þeim tíma er tilraun til að gera rannsókn mistókst þar til rannsókninni, sem fyrirskipuð var með ákvörðun, er lokið;

   c) í tilvikum sem um getur í c-lið 1. mgr., frá þeim tíma er breytingar á þeim upplýsingum, sem þar er getið, eiga sér stað þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist er með ákvörðun, berast eða rannsókninni, sem fyrirskipuð var með ákvörðun, er lokið.
3. Frestur er rofinn daginn eftir að atburðurinn, sem er tilefni rofsins, á sér stað. Rof á fresti stendur til loka þess dags þegar tilefni þess er ekki lengur fyrir hendi. Ef sá dagur er ekki virkur dagur í skilningi 22. gr. skal rofi á fresti ljúka við lok næsta virka dags.

10. gr.
Að virða frest.

Litið er svo á að frestir, sem um getur í 1. og 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla, hafi verið virtir ef Eftirlitsstofnun EFTA tekur viðeigandi ákvörðun áður en frestur rennur út. Tilkynna skal tilkynnendum um ákvörðunina án tafar.

involved party (as defined in Article 11 of this Chapter) has refused to submit to an investigation deemed necessary by the EFTA Surveillance Authority on the basis of Article 13 (1) of Chapter XIII or to cooperate in the carrying out of such an investigation in accordance with the above-mentioned provision;
(c) the notifying parties have failed to inform the EFTA Surveillance Authority of material changes in the facts contained in the notification.

2. The period referred to in Article 10 (3) of Chapter XIII shall be suspended:
   (a) in the cases referred to in subparagraph 1 (a), for the period between the end of the time limit fixed in the request for information and the receipt of the complete and correct information required by decision;
   (b) in the cases referred to in subparagraph 1 (b), for the period between the unsuccessful attempt to carry out the investigation and the completion of the investigation ordered by decision;
   (c) in the cases referred to in subparagraph 1 (c), for the period between the occurrence of the change in the facts referred to therein and the receipt of the complete and correct information requested by decision or the completion of the investigation ordered by decision.
3. The suspension of the time limit shall begin on the day following that on which the event causing the suspension occurred. It shall end with the expiry of the day on which the reason for suspension is removed. Where such a day is not a working day within the meaning of Article 22, the suspension of the time limit shall end with the expiry of the following working day.

Article 10
Compliance with the time limit

The time limits referred to in Article 10 (1) and (3) of Chapter XIII shall be met where the EFTA Surveillance Authority has taken the relevant decision before the end of the period. Notification of the decision to the notifying parties must follow without delay.

III. þáttur.
Skýrslugjöf málsaðila og þriðju aðila.

11. gr.

Aðilar sem eiga þess kost að gefa skýrslu.

Að því er varðar réttinn til að gefa skýrslu samkvæmt 18. gr. XIII. kafla eru eftirtaldir aðilar aðgreindir:

a) tilkynnendur, þ.e. einstaklingar eða fyrirtæki sem leggja fram tilkynningu í samræmi við 2. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89);

b) aðrir hlutaðeigandi aðilar, þ.e. aðilar að áformum um samfylkingu, aðrir en tilkynnendur, svo sem seljendur og fyrirtækið sem verður til við samfylkinguna;

c) þriðju aðilar, þ.e. einstaklingar eða lögpersónur sem geta sýnt fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta, þar á meðal viðskiptavinir, birgjar og samkeppnisaðilar, og einkum þeir sem sitja í stjórn eða framkvæmdastjórn viðkomandi fyrirtækja eða viðurkenndir fulltrúar starfsmanna þessara fyrirtækja;

d) aðilar sem Eftirlitsstofnun EFTA hyggst taka ákvörðun um í samræmi við 14. eða 15. gr. XIII. kafla.

12. gr.

Ákvarðanir um frestun samfylkinga.

1. Hyggist Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt 2. mgr. 7. gr. XIII. kafla eða ákvörðun samkvæmt 4. mgr. 7. gr. hans sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir einn eða fleiri málsaðila skal hún, samkvæmt 1. mgr. 18. gr. sama kafla, láta tilkynnendur og aðra hlutaðeigandi aðila vita skriflega um andmæli sín og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

2. Hafi Eftirlitsstofnun EFTA tekið bráðabirgðaákvörðun samkvæmt 2. mgr. 18. gr. XIII. kafla, sem um getur í 1. mgr., án þess að veita tilkynnendum og öðrum hlutaðeigandi aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum skal hún senda þeim texta bráðabirgðaákvörðunarinnar án tafar og að minnsta kosti áður en frestun lýkur og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

Section III
Hearing of the Parties and of Third Parties

Article 11

Parties to be heard

For the purposes of the right to be heard pursuant to Article 18 of Chapter XIII, the following parties are distinguished:

(a) notifying parties, that is, persons or undertakings submitting a notification pursuant to Article 4 (2) of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89);

(b) other involved parties, that is, parties to the concentration plan other than the notifying parties, such as the seller and the undertaking which is the target of the concentration;

(c) third parties, that is, natural or legal persons showing a sufficient interest, including customers, suppliers and competitors, and especially members of the administration or management organs of the undertakings concerned or recognised workers' representatives of those undertakings;

(d) parties regarding whom the Commission intends to take a decision pursuant to Article 14 or Article 15 of Chapter XIII.

Article 12

Decisions on the suspension of concentrations

1. Where the EFTA Surveillance Authority intends to take a decision pursuant to Article 7 (2) of Chapter XIII or a decision pursuant to Article 7 (4) of that Chapter which adversely affects the parties, it shall, pursuant to Article 18 (1) of that Chapter, inform the notifying parties and other involved parties in writing of its objections and shall fix a time limit within which they make known their views.

2. Where the EFTA Surveillance Authority pursuant to Article 18 (2) of Chapter XIII has taken a decision referred to in paragraph 1 provisionally without having given the notifying parties and other involved parties the opportunity to make known their views, it shall without delay and in any event before the expiry of the suspension send them the text of the provisional decision and shall fix a time limit within which they may make known their views.

Þegar tilkynnendur og aðrir hlutaðeigandi aðilar hafa skýrt frá sjónarmiðum sínum skal Eftirlitsstofnun EFTA taka lokaákvörðun og ógilda, breyta eða staðfesta bráðabirgðaákvörðunina. Hafi þeir ekki skýrt frá sjónarmiðum sínum innan tiltekins frests skal bráðabirgðaákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA gilda sem lokaákvörðun þegar fresturinn er útrunninn.

3. Tilkynnendur og aðrir hlutaðeigandi aðilar skulu skýra frá sjónarmiðum sínum skriflega eða munnlega innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að staðfesta munnlegar yfirlýsingar sínar skriflega.

13. gr.

Ákvarðanir um efnisatriði málsins.

1. Hyggist Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. eða 3., 4. eða 5. mgr. 8. gr. XIII. kafla, skal hún veita hlutaðeigandi aðilum færi á að gefa skýrslu samkvæmt 1. og 3. mgr. 18. gr. sama kafla áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja.
2. a) Eftirlitsstofnun EFTA skal beina andmælum sínum skriflega til tilkynnenda.

   Um leið og Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir um andmæli sín skal hún setja frest sem tilkynnendur geta nýtt sér til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við hana.

   b) Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig tilkynna öðrum hlutaðeigandi aðilum skriflega um andmæli sín.
   Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig setja frest sem aðrir hlutaðeigandi aðilar geta nýtt sér til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við hana.

3. a) Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur sent tilkynnendum andmæli sín skal hún veita þeim aðgang að málsskjölunum, að beiðni þeirra, til að gera þeim kleift að nýta sér rétt sinn til að taka til varna.

   b) Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig veita öðrum hlutaðeigandi aðilum, sem hún hefur tilkynnt um andmæli sín, aðgang að málsskjölunum, að beiðni þeirra, að því marki sem þeim er þörf á við gerð athugasemda.
4. Aðilar, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur beint andmælum sínum til eða sem hefur verið til-

Once the notifying parties and other involved parties have made known their views, the EFTA Surveillance Authority shall take a final decision annulling, amending or confirming the provisional decision. Where they have not made known their views within the time limit fixed, the EFTA Surveillance Authority's provisional decision shall become final with the expiry of that period.

3. The notifying parties and other involved parties shall make known their views in writing or orally within the time limit fixed. They may confirm their oral statements in writing.

Article 13

Decisions on the substance of the case

1. Where the EFTA Surveillance Authority intends to take a decision pursuant to Article 8 (2), second subparagraph, Article 8 (3), (4) or (5) of Chapter XIII it shall, before consulting the Advisory Committee on Concentrations, hear the parties pursuant to Article 18 (1) and (3) of that Chapter.
2. (a) The EFTA Surveillance Authority shall address its objections in writing to the notifying parties;
   The EFTA Surveillance Authority shall, when giving notice of objections, set a time limit within which the notifying parties may inform the EFTA Surveillance Authority of their views in writing.
   (b) The EFTA Surveillance Authority shall inform other involved parties in writing of these objections.
   The EFTA Surveillance Authority shall also set a time limit within which these other involved parties may inform the EFTA Surveillance Authority of their views in writing.
3. (a) After having addressed its objections to the notifying parties, the EFTA Surveillance Authority shall, upon request, give them access to the file for the purpose of enabling them to exercise their rights of defence.
   (b) The EFTA Surveillance Authority shall, upon request, also give the other involved parties who have been informed of the objections access to the file in so far as this is necessary for the purposes of preparing their observations.
4. The parties to whom the EFTA Surveillance Authority's objections have been addressed

kynnt um slík andmæli, skulu skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum varðandi andmælin innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að setja fram öll atriði, sem málið varða, í skriflegum athugasemdum sínum og láta fylgja með öll skjöl sem máli skipta til að færa sönnur á þær upplýsingar sem lagðar eru fram. Þeim er einnig heimilt að leggja til að Eftirlitsstofnun EFTA taki skýrslur af einstaklingum sem geta staðfest fyrrnefndar upplýsingar.

5. Hyggist Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt 14. og 15. gr. XIII. kafla ber henni að veita hlutaðeigandi aðilum færi á að gefa skýrslu (samkvæmt 1. og 3. mgr. 18. gr. þess kafla) áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja.

Málsmeðferðin sem kveðið er á um samkvæmt a-lið 2. mgr., a-lið 3. mgr. og 4. mgr. gildir að breyttu breytanda.

14. gr.
Munnleg skýrslugjöf.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita tilkynnendum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum, færi á að leggja fram rök sín munnlega við formlega skýrslugjöf, sýni þessir aðilar fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita slíkum aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum munnlega.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita öðrum hlutaðeigandi aðilum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum, færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum við formlega skýrslugjöf, sýni þeir fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita slíkum aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum munnlega.
3. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita málsaðilum, sem hún hyggst beita sektum eða févíti, færi á að leggja fram rök sín munnlega við formlega skýrslugjöf, hafi þeir óskað eftir því skriflega í athugasemdum sínum. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita slíkum aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

4. Eftirlitsstofnun EFTA skal kveðja þá sem gefa eiga skýrslu til fundar við sig þann dag sem hún ákveður.

or who have been informed of these objections shall, within the time limit fixed, make known in writing their views on the objections. In their written comments, they may set out all matters relevant to the case and may attach any relevant documents in proof of the facts set out. They may also propose that the EFTA Surveillance Authority hear persons who may corroborate those facts.

5. Where the EFTA Surveillance Authority intends to take a decision pursuant to Article 14 or Article 15 of Chapter XIII it shall, before consulting the Advisory Committee on Concentrations, hear (pursuant to Article 18 (1) and (3) of that Chapter) the parties regarding whom the EFTA Surveillance Authority intends to take such a decision.

The procedure provided pursuant to subparagraphs 2 (a), 3 (a), and paragraph 4 is applicable, *mutatis mutandis*.

Article 14
Oral hearings

1. The EFTA Surveillance Authority shall afford the notifying parties who have so requested in the written comments the opportunity to put forward their arguments orally in a formal hearing if such parties show a sufficient interest. It may also in other cases afford such parties the opportunity of expressing their views orally.

2. The EFTA Surveillance Authority shall afford other involved parties who have so requested in their written comments the opportunity to express their views orally in a formal hearing if they show a sufficient interest. It may also in other cases afford such parties the opportunity of expressing their views orally.

3. The EFTA Surveillance Authority shall afford parties in relation to whom it proposes to impose a fine or periodic penalty payment who have so requested in their written comments the opportunity to put forward their arguments orally in a formal hearing. It may also in other cases afford such parties the opportunity of expressing their views orally.
4. The EFTA Surveillance Authority shall summon the persons to be heard to attend on such date as it shall appoint.

5. Eftirlitsstofnun EFTA skal án tafar senda lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum afrit af kvaðningunni og er þeim heimilt að tilnefna fulltrúa til þess að taka þátt í skýrslugjöfinni.

15. gr.
Framkvæmd formlegrar, munnlegrar skýrslugjafar.

1. Skýrslugjöf skal stjórnað af einstaklingum sem Eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir í því skyni.
2. Þeir sem eru til kvaddir skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér löglærða fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem stjórnarskrá lands þeirra heimilar. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.
3. Þeim sem gefa Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu er heimilt að fá aðstoð lögfræðinga eða ráðgjafa, sem hafa rétt til að flytja mál fyrir EFTA-dómstólnum, eða annarra hæfra aðila.
4. Skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Aðilar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem til hafa verið kvaddir. Í síðara tilvikinu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.
5. Skrá skal greinargerð allra sem gefa skýrslu.

16. gr.
Skýrslugjöf þriðju aðila.

1. Sæki þriðju aðilar skriflega um fá að gefa skýrslu samkvæmt 4. mgr. 18. gr. XIII. kafla skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

2. Þeir þriðju aðilar, sem um getur í 1. mgr., skulu skýra frá sjónarmiðum sínum skriflega innan tiltekins frests. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, eftir því sem við á, að veita málsaðilum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum, færi á að taka þátt í formlegri skýrslugjöf. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita sömu aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.
3. Eftirlitsstofnun EFTA er á sama hátt heimilt að veita öðrum þriðju aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum.

5. The EFTA Surveillance Authority shall immediately transmit a copy of the summons to the competent authorities of the EFTA States, who may appoint an official to take part in the hearing.

Article 15
Conduct of formal oral hearings

1. Hearings shall be conducted by persons appointed by the EFTA Surveillance Authority for that purpose.
2. Persons summoned to attend shall either appear in person or be represented by legal representatives or by representatives authorized by their constitution. Undertakings and associations of undertakings may be represented by a duly authorized agent appointed from among their permanent staff.
3. Persons heard by the EFTA Surveillance Authority may be assisted by lawyers or advisers who are entitled to plead before the EFTA Court, or by other qualified persons.
4. Hearings shall not be public. Persons shall be heard separately or in the presence of other persons summoned to attend. In the latter case, regard shall be had to the legitimate interest of the undertakings in the protection of their business secrets.
5. The statements made by each person heard shall be recorded.

Article 16
Hearing of third parties

1. If third parties apply in writing to be heard pursuant to Article 18 (4) of Chapter XIII, the EFTA Surveillance Authority shall inform them in writing of the nature and subject matter of the procedure and shall fix a time limit within which they may make known their views.
2. The third parties referred to in paragraph 1 shall make known their views in writing within the time limit fixed. The EFTA Surveillance Authority may, where appropriate, afford the parties who have so requested in their written comments, the opportunity to participate in a formal hearing. It may also in other cases afford such parties the opportunity of expressing their views orally.

3. The EFTA Surveillance Authority may likewise afford to any other third parties the opportunity of expressing their views.

17. gr.
Trúnaðarupplýsingar.

Ekki skal láta í té eða veita aðgang að upplýsingum, þar á meðal skjölum, þar sem fram koma viðskiptaleyndarmál einstaklinga eða fyrirtækja, þar með talið tilkynnenda, annarra hlutaðeigandi aðila eða þriðju aðila, og á þetta einnig við um aðrar trúnaðarupplýsingar sem Eftirlitsstofnun EFTA telur ekki nauðsynlegt vegna málsmeðferðar að komi fram, eða þegar um innanhússskjöl yfirvalda er að ræða.

Article 17
Confidential information

Information, including documents, shall not be communicated or made accessible in so far as it contains business secrets of any person or undertaking, including the notifying parties, other involved parties or of third parties, or other confidential information the disclosure of which is not considered necessary by the EFTA Surveillance Authority for the purpose of the procedure, or where internal documents of the authorities are concerned.

IV. þáttur.
Breytingar á áætlun um samfylkingu.

18. gr.
Frestur til að tilkynna breytingar á áætlun um samfylkingu.

1. Breytingar á upprunalegu áætluninni um samfylkingu sem hlutaðeigandi fyrirtæki gera, eins og kveðið er á um samkvæmt 2. mgr. 10. gr. XIII. kafla, og málsaðilar hyggjast leggja til grundvallar ákvörðun samkvæmt 2. mgr. 8. gr., skulu lagðar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en þremur mánuðum eftir að málsmeðferð var hafin. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framlengja þennan frest í undantekningartilvikum.

2. Fresturinn, sem um getur í 1. mgr., skal ákveðinn í samræmi við sömu reglur og þeir frestir sem um getur í 6. og 9. gr. þessa kafla.

Section IV
Modifications of the Concentration Plan

Article 18
Time limit for modifications to the concentration plan

1. The modifications to the original concentration plan made by the undertakings concerned as provided for pursuant to Article 10 (2) of Chapter XIII which are intended by the parties to form the basis for a decision pursuant to Article 8 (2) shall be submitted to the EFTA Surveillance Authority within not more than three months of the date on which proceedings were initiated. The EFTA Surveillance Authority may in exceptional circumstances extend this period.
2. The time period referred to in paragraph 1 shall be determined according to the same rules as those contained in Articles 6 to 9 of this Chapter.

V. þáttur.
Ýmis ákvæði.

19. gr.
Sending skjala.

1. Heimilt er að senda skjöl og kvaðningar frá Eftirlitsstofnun EFTA til viðtakenda á einhvern eftirfarandi máta:

   a) með boðsendingu gegn kvittun;
   b) með ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir viðtöku;
   c) með símbréfi ásamt beiðni um kvittun fyrir viðtöku;
   d) með fjarrita;
   e) með tölvupósti ásamt beiðni um kvittun fyrir móttöku.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 21. gr. gildir 1. mgr. einnig um sendingu tilkynnenda, annarra hlutaðeigandi aðila eða þriðju aðila á skjölum til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Section V
Miscellaneous Provisions

Article 19
Transmission of documents

1. Transmission of documents and summonses from the EFTA Surveillance Authority to the addressees may be effected in any of the following ways:
tilkynntrar aðgerðar gætir og sem eru náskyldir þeim markaði (mörkuðum) þar sem áhrifa gætir (markaðir á fyrri eða seinni stigum eða nærliggjandi markaðir á sama stigi) þar sem einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti og sem eru ekki sjálfir markaðir þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar.

V. *Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki.*

6.3 Ef ekki eru neinir markaðir þar sem áhrifa gætir í skilningi liðar 6.1 skal lýsa vöru- og svæðisbundnum einkennum þess markaðar sem tilkynnta aðgerðin hefði áhrif á.

operation, which are closely related to the affected market(s) (in upstream, downstream and horizontal neighbouring markets), where any of the parties to the concentration are active and which are not themselves affected markets within the meaning of Section III.

V. *Non-affected markets*

6.3. In case there are no affected markets in the meaning of Section 6.1, describe the product and geographic scope of the markets on which the notified operation would have an impact.

7. ÞÁTTUR
Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir.

Fyrir hvern viðkomandi vörumarkað um sig fyrir hvert hinna þriggja síðustu reikningsára[19] og:

a) fyrir Evrópska efnahagssvæðið,
b) fyrir bandalagið í heild,
c) fyrir yfirráðasvæði EFTA-ríkja í heild,
d) fyrir hvert aðildarríki EB og EFTA-ríki þar sem samfylkingaraðilar stunda viðskipti,
e) og fyrir viðkomandi svæðisbundinn markað, ef hann er annar að mati tilkynnenda, skal veita eftirfarandi upplýsingar um:

7.1. áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í ekum) og umfang (í einingafjölda)[20]. Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tök eru á;

7.2. söluverðmæti og umfang sölu hjá hverjum samfylkingaraðila og áætlaður markaðshlutur hans;

7.3. áætlað verðmæti (og umfang þar sem við á) markaðshlutar allra keppinautanna (að meðtöldum innflytjendum) sem ráða yfir að minnsta kosti 10% af svæðisbundna markaðinum sem er til athugunar. Leggið fram skjöl til staðfestingar útreikningi á þessum markaðshlutum ef tök eru á og látið fylgja nafn þessara keppinauta, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið;

7.4. mat á heildarverðmæti og heildarmagni og

SECTION 7
Information on affected markets

For each affected relevant product market, for each of the last three financial years[19]:

(a) for the EEA territory,
(b) for the Community as a whole,
(c) for the territory of the EFTA States as a whole,
(d) individually for each EC Member State and EFTA State where the parties to the concentration do business,
(e) and, where in the opinion of the notifying parties, the relevant geographic market is different, provide the following:

7.1. an estimate of the total size of the market in terms of sales value (in ecus) and volume (units)[20]. Indicate the basis and sources for the calculations and provide documents where available to confirm these calculations;

7.2. the sales in value and volume, as well as an estimate of the market shares, of each of the parties to the concentration;

7.3. an estimate of the market share in value (and where appropriate volume) of all competitors (including importers) having at least 10 % of the geographic market under consideration. Provide documents where available to confirm the calculation of these market shares and provide the name, address, telephone number, fax number and appropriate contact person, of these competitors;

7.4. an estimate of the total value and volume

uppruna innflutnings frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilgreina skal:
a) hlutdeild þeirra fyrirtækjahópa, sem samfylkingaraðilar tilheyra, í slíkum innflutningi,
b) mat á áhrifum kvóta, tolla eða annarra viðskiptahindrana en tolla á þennan innflutning og
c) mat á áhrifum flutningskostnaðar og annars kostnaðar á þennan innflutning;

7.5. mat á áhrifum sem viðskipti ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins verða fyrir vegna:
a) flutningskostnaðar og annars kostnaðar, og
b) annarra viðskiptahindrana en tolla;

7.6. hvernig samfylkingaraðilar framleiða og selja vöru og/eða þjónustu; til dæmis hvort framleiðsla er staðbundin eða hvort sala fer fram um staðbundið dreifikerfi;

7.7. samanburð á verði sem samfylkingaraðilar setja upp í hverju aðildarríki EB og EFTA-ríki og hliðstæðan samanburð á verðlagi milli bandalagsins, EFTA-ríkjanna og annarra svæða þar sem þessar vörur eru framleiddar (t.d. Austur-Evrópu, Bandaríkjanna, Japans og annarra viðkomandi svæða);

7.8. eðli og umfang lóðréttrar sameiningar fyrir hvern samfylkingaraðila um sig miðað við helstu keppinauta.

8. ÞÁTTUR
Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

8.1. Tilgreinið fimm helstu sjálfstæðu[21] birgja aðilanna og hlut hvers þeirra í innkaupum frá hverjum þessara birgja (innkaupum á hráefni eða vörum sem eru notaðar við framleiðslu á viðkomandi vörum). Gefið upp nafn hvers birgis, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið.

Hvernig framboði er háttað á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

8.2. Lýsið helstu dreifileiðum og þjónustukerfum á mörkuðunum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi atriðum eftir því sem við á:
a) algengustu dreifikerfum á markaðinum

and source of imports from outside the EEA territory and identify:

(a) the proportion of such imports that are derived from the groups to which the parties to the concentration belong,
(b) an estimate of the extent to which any quotas, tariffs or non-tariff barriers to trade, affect these imports, and
(c) an estimate of the extent to which transportation and other costs affect these imports;

7.5. the extent to which trade among States within the EEA territory is affected by:

(a) transportation and other costs, and

(b) other non-tariff barriers to trade;

7.6. the manner in which the parties to the concentration produce and sell the products and/or services; for example, whether they manufacture locally, or sell through local distribution facilities;

7.7. a comparison of price levels in each EC Member State and EFTA State by each party to the concentration and a similar comparison of price levels between the Community, the EFTA States and other areas where these products are produced (e.g. eastern Europe, the United States of America, Japan, or other relevant areas);

7.8. the nature and extent of vertical integration of each of the parties to the concentration compared with their largest competitors.

SECTION 8
General conditions in affected markets

8.1. Identify the five largest independent[21] suppliers to the parties and their individual shares of purchases from each of these suppliers (of raw materials or goods used for purposes of producing the relevant products). Provide the name, address, telephone number, fax number and appropriate contact person, of these suppliers.

Structure of supply in affected markets

8.2. Explain the distribution channels and service networks that exist on the affected markets. In so doing, take account of the following where appropriate:
(a) the distribution systems prevailing on

og vægi þeirra. Að hvaða marki annast þriðju aðilar dreifinguna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur í 3. þætti?

b) algengustu þjónustukerfum (til dæmis viðhaldi og viðgerðum) og vægi þeirra á þessum mörkuðum. Að hvaða marki annast þriðju aðilar þjónustuna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur í 3. þætti?

8.3. Þar sem við á skal leggja fram mat á heildarafkastagetu í bandalaginu og á yfirráðasvæði EFTA-ríkja síðastliðin þrjú ár. Hve stóran hlut þessarar afkastagetu hefur hver samfylkingaraðili um sig talið sig hafa á þessu tímabili og hvernig hafa þeir, hver um sig, nýtt þá afkastagetu?

8.4. Teljist aðrir þættir framboðs skipta máli í þessu sambandi ber að tilgreina þá hér.

Hvernig eftirspurn er háttað á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

8.5. Tilgreinið fimm helstu sjálfstæðu viðskiptavini aðilanna á hverjum markaði þar sem áhrifa gætir og hve stóran hlut í heildarsölu á vörum hver þessara viðskiptavina hefur skrifað sig fyrir á þessu tímabili. Gefið upp nafn hvers viðskiptavinar, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið.

8.6. Lýsið því hvernig eftirspurn er háttað að því er varðar:

a) þróun markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útþenslu, mettaður eða í hnignun, og spáið fyrir um hve ört eftirspurn muni vaxa;

b) vægi viðskiptavinavildar að því er varðar vörumerkjatryggð, vöruaðgreiningu og heildarvöruúrval;

c) samþjöppun eða dreifingu neytenda;

d) skiptingu viðskiptavina í ólíka flokka og lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki;

e) vægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga;

f) vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða áþekkum aðilum.

the market and their importance. To what extent is distribution performed by third parties and/or undertakings belonging to the same group as the parties identified in Section 3?

(b) the service networks (for example, maintenance and repair) prevailing and their importance in these markets. To what extent are such services performed by third parties and/or undertakings belonging to the same group as the parties identified in Section 3?

8.3. Where appropriate, provide an estimate of the total Community-wide and EFTA-wide capacity for the last three years. Over this period what proportion of this capacity is accounted for by each of the parties to the concentration, and what have been their respective rates of capacity utilisation.

8.4. If you consider any other supply-side considerations to be relevant, they should be specified.

Structure of demand in affected markets

8.5. Identify the five largest independent customers of the parties in each affected market and their individual share of total sales for such products accounted for by each of those customers. Provide the name, address, telephone number, fax number and appropriate contact person, of each of these customers.

8.6. Explain the structure of demand in terms of:

(a) the phases of the markets in terms of, for example, take-off, expansion, maturity and decline, and a forecast of the growth rate of demand;

(b) the importance of customer preferences, in terms of brand loyalty, product differentiation and the provision of a full range of products;

(c) the degree of concentration or dispersion of customers;

(d) segmentation of customers into different groups with a description of the 'typical customer' of each group;

(e) the importance of exclusive distribution contracts and other types of long-term contracts;

(f) the extent to which public authorities, government agencies, State enterprises or similar bodies are important participants as a source of demand.

Markaðsaðgangur.

8.7. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum? Ef svarið er já skal, ef þess er kostur, gefa upp heiti hvers fyrirtækis, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og viðeigandi tengilið og áætla núverandi markaðshlutdeild þeirra.

8.8. Telja tilkynnendur að til séu fyrirtæki (þar með talin fyrirtæki sem um þessar mundir starfa einvörðungu á mörkuðum utan bandalagsins eða Evrópska efnahagssvæðisins) sem gætu haslað sér völl á markaðinum? Ef svarið er já skal skýra hvers vegna, áætla hvenær þetta muni eiga sér stað og gefa upp heiti fyrirtækjanna, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið.

8.9. Lýsið hinum ýmsu þáttum, bæði landfræðilegum og þeim sem lúta að vörunni, sem hafa áhrif í þessu tilviki á aðgang að mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á:

a) heildarkostnaði sem því fylgir að hasla sér völl á viðkomandi markaði (rannsóknir og þróun, stofnun dreifikerfa, söluherferðir, auglýsingar, þjónusta o.s.frv.) og ná sambærilegri sölu og hugsanlegur öflugur keppinautur og gefið til kynna markaðshlutdeild slíks keppinautar;

b) aðgangshindrunum í lögum og reglugerðum, svo sem leyfisveitingu stjórnvalda eða hvers kyns opinberum stöðlum;

c) að hve miklu leyti markaðsaðgangur takmarkast af einkaleyfum, verkkunnáttu og öðrum hugverkarétti á þessum mörkuðum og veitingu slíkra nytjaleyfa;

d) að hve miklu leyti hver og einn samfylkingaraðili hefur eða lætur í té nytjaleyfi, verkkunnáttu eða önnur réttindi á viðkomandi mörkuðum;

e) vægi stórreksturs í framleiðslu vöru á mörkuðum þar sem áhrifa gætir;

f) aðgangi að birgðum, til dæmis framboði á hráefnum.

Market entry

8.7. Over the last five years, has there been any significant entry into any affected markets? If the answer is 'yes', where possible provide their name, address, telephone number, fax number and appropriate contact person, and an estimate of their current market shares.

8.8. In the opinion of the notifying parties are there undertakings (including those at present operating only in extra-Community or extra-EEA markets) that are likely to enter the market? If the answer is 'yes', please explain why and identify such entrants by name, address, telephone number, fax number and appropriate contact person, and an estimate of the time within which such entry is likely to occur.

8.9. Describe the various factors influencing entry into affected markets that exist in the present case, examining entry from both a geographical and product viewpoint. In so doing, take account of the following where appropriate:

(a) the total costs of entry (R & D, establishing distribution systems, promotion, advertising, servicing, etc.) on a scale equivalent to a significant viable competitor, indicating the market share of such a competitor;

(b) any legal or regulatory barriers to entry, such as government authorisation or standard setting in any form;

(c) any restrictions created by the existence of patents, know-how and other intellectual property rights in these markets and any restrictions created by licensing such rights;

(d) the extent to which each of the parties to the concentration are licensees or licensors of patents, know-how and other rights in the relevant markets;

(e) the importance of economies of scale for the production of products in the affected markets;

(f) access to sources of supply, such as availability of raw materials.

Rannsóknir og þróun.

8.10. Gerið grein fyrir vægi rannsókna og þróunar hvað varðar samkeppnishæfni fyrirtækis á viðkomandi markaði til lengri tíma litið. Lýsið eðli rannsókna og þróunar á vegum samfylkingaraðila á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

a) stefnu og umfangi rannsókna og þróunar[22] á umræddum mörkuðum og hjá samfylkingaraðilum;

b) tækniþróun sem átt hefur sér stað á umræddum mörkuðum á hæfilegu tímabili (þar með talin þróun vöru og/eða þjónustu, þróun framleiðsluaðferða, dreifikerfa o.s.frv.);

c) helstu nýjungum sem fram hafa komið á þessum mörkuðum og fyrirtækjunum sem staðið hafa að þessum nýjungum;

d) þróunarferli nýjunga á þessum mörkuðum og hvar aðilarnir eru staddir í því ferli.

Samstarfssamningar.

8.11. Í hve ríkum mæli er um samstarfssamninga (lárétta og/eða lóðrétta) að ræða á mörkuðum þar sem áhrifa gætir?

8.12. Lýsið mikilvægustu samstarfssamningum sem samfylkingaraðilar hafa gert á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, til dæmis samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu, sérhæfingu, dreifingu, birgðir til langs tíma og upplýsingaskipti.

Atvinnugreinasamtök.

8.13. Að því er varðar atvinnugreinasamtök á mörkuðum þar sem áhrifa gætir skal tilgreina:

a) samtök sem samfylkingaraðilar tilheyra;

b) helstu atvinnugreinasamtök sem viðskiptavinir og birgjar samfylkingaraðila tilheyra.

Gefið upp heiti allra framangreindra atvinnugreinasamtaka, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið.

Research and development

8.10. Give an account of the importance of research and development in the ability of a firm operating on the relevant market(s) to compete in the long term. Explain the nature of the research and development in affected markets carried out by the parties to the concentration.

In so doing, take account of the following, where appropriate:

(a) trends and intensities of research and development[22] in these markets and for the parties to the concentration;

(b) the course of technological development for these markets over an appropriate time period (including developments in products and/or services, production processes, distribution systems, etc.);

(c) the major innovations that have been made in these markets and the undertakings responsible for these innovations;

(d) the cycle of innovation in these markets and where the parties are in this cycle of innovation.

Cooperative agreements

8.11. To what extent do cooperative agreements (horizontal or vertical) exist in the affected markets?

8.12. Give details of the most important co-operative agreements engaged in by the parties to the concentration in the affected markets, such as research and development, licensing, joint production, specialisation, distribution, long term supply and exchange of information agreements.

Trade associations

8.13. With respect to the trade associations in the affected markets:

(a) identify those in which the parties to the concentration are members;

(b) identify the most important trade associations to which the customers and suppliers of the parties to the concentration belong.

Provide the name, address, telephone number, fax number and appropriate contact person of all trade associations listed above.

9. ÞÁTTUR
Almennar markaðsupplýsingar.

Markaðsupplýsingar er varða myndun fyrirtækjasamsteypu.

Sé markaðshlutur eins samfylkingaraðila 25% eða stærri á einhverjum vörumarkaði, án þess að um sé að ræða lárétt eða lóðrétt tengsl eins og lýst er hér að framan, skal veita eftirfarandi upplýsingar:

9.1. lýsið hverjum vörumarkaði og útskýrið, með tilliti til einkenna, verðs og áformaðrar notkunar, hvers vegna vara og/eða þjónusta á þessum mörkuðum er talin með (og önnur ekki);

9.2. áætlið, fyrir síðasta reikningsár, verðmæti markaðar og markaðshlutdeildar hvers fyrirtækjahóps, sem aðilarnir tilheyra, fyrir hvern vörumarkað sem er tilgreindur í lið 9.1:
   a) fyrir Evrópska efnahagssvæðið í heild
   b) fyrir bandalagið í heild;
   c) fyrir yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild;
   d) fyrir hvert aðildarríki EB og EFTA-ríki þar sem fyrirtækjahóparnir, sem aðilarnir tilheyra, eiga viðskipti;
   e) og fyrir viðkomandi svæðisbundinn markað ef hann er annar.

Yfirlit yfir markaðina.

9.3. Setja skal fyrirhugaða samfylkingu í alþjóðlegt samhengi með því að lýsa stöðu hvers samfylkingaraðila á mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar markaðshlutdeild og samkeppnisstyrk.

9.4. Lýsið hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðrar samfylkingar á hagsmuni millilíða og neytenda og á þróun efnahags- og tækniframfara.

SECTION 9
General market information

Market data on conglomerate aspects

Where any of the parties to the concentration hold individually a market share of 25% or more for any product market in which there is no horizontal or vertical relationship as described above, provide the following information:

9.1. a description of each product market and explain why the products and/or services in these markets are included (and why others are excluded) by reason of their characteristics, prices and their intended use;

9.2. an estimate of the value of the market and the market shares of each of the groups to which the parties belong for each product market identified in 9.1 for the last financial year:
   (a) for the EEA territory as a whole;
   (b) for the Community as a whole;
   (c) for the territory of the EFTA States as a whole;
   (d) individually for each EC Member State and EFTA State where the groups to which the parties belong do business;
   (e) and, where different, for the relevant geographic market.

Overview of the markets

9.3. Describe the world wide context of the proposed concentration, indicating the position of each of the parties to the concentration outside of the EEA territory in terms of size and competitive strength.

9.4. Describe how the proposed concentration is likely to affect the interests of intermediate and ultimate consumers and the development of technical and economic progress.

10. ÞÁTTUR
Samstarfsáhrif sameiginlegs fyrirtækis.

10. Að því er varðar 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (1. liður XIV. viðauka við EES-samninginn) skal svara eftirfarandi spurningum:
   a) Halda tvö eða fleiri móðurfyrirtæki áfram verulegri starfsemi á sama markaði og sameiginlega fyrirtækið eða á markaði sem er á fyrra eða seinna stigi miðað við þennan markað eða á grann-

SECTION 10
Cooperative effects of a joint venture

10. For the purpose of Article 2(4) of Regulation (EEC) No 4064/89 (point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement) please answer the following questions:
   (a) Do two or more parents retain to a significant extent activities in the same market as the joint venture or in a market which is downstream or upstream from that of the joint venture or in a

markaði sem er náskyldur þessum markaði[23]?
Ef svarið er já skal tilgreina fyrir hvern markað sem um getur hér:

- veltu hvers móðurfyrirtækis á síðasta reikningsári,
- efnahagslegt vægi starfsemi sameiginlega fyrirtækisins miðað við þessa veltu,
- markaðshlut hvers móðurfyrirtækis.

Ef svarið er nei ber að rökstyðja það.

b) Ef svarið við a-lið er já og það er álit yðar að stofnun sameiginlegs fyrirtækis leiði ekki til samræmingar milli sjálfstæðra fyrirtækja sem hindrar samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins[24] ber að rökstyðja svarið.

c) Með fyrirvara um svör við a- og b-liðum og til að tryggja að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið málið á fullnægjandi hátt skal skýra frá því hvernig viðmiðanirnar í 3. mgr. 53. gr. eiga við.

Samkvæmt 3. mgr. 53. gr. er heimilt að lýsa yfir því að ákvæði 1. mgr. 53. gr. eigi ekki við ef aðgerðin:

i) stuðlar að bættri framleiðslu eða dreifingu varanna, eða að tæknilegum eða efnahagslegum framförum;
ii) gerir neytendum kleift að fá sanngjarnan hlut í þeim ávinningi sem af hlýst;
iii) setur ekki takmarkanir á viðkomandi fyrirtæki ef ekki er brýn þörf á því til að ná þessum markmiðum; og
iv) gefur þessum fyrirtækjum ekki kost á að útrýma samkeppni að því er viðvíkur verulegum hluta viðkomandi vara.

Sjá leiðbeiningar á eyðublaði A/B, einkum 16. og 17. þætti þeirra, sem fylgja sem viðauki við reglugerð (EB) nr. 3385/94 (4. liður 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn/III. kafli bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól)[25].

neighbouring market closely related to this market[23]?
If the answer is affirmative, please indicate for each of the markets referred to here:

- the turnover of each parent company in the preceding financial year,
- the economic significance of the activities of the joint venture in relation to this turnover,
- the market share of each parent.

If the answer is negative, please justify your answer.

(b) If the answer to (a) is affirmative and in your view the creation of the joint venture does not lead to coordination between independent undertakings that restricts competition within the meaning of Article 53(1) of the EEA Agreement[24], give your reasons.

(c) Without prejudice to the answers to (a) and (b) and in order to ensure that a complete assessment of the case can be made by the EFTA Surveillance Authority, please explain how the criteria of Article 53(3) apply.
Under Article 53(3), the provisions of Article 53(1) may be declared inapplicable if the operation:

(i) contributes to improving the production or distribution of goods, or to promoting technical or economic progress;
(ii) allows consumers a fair share of the resulting benefit;
(iii) does not impose on the undertakings concerned restrictions which are not indispensable to the attainment of these objectives; and
(iv) does not afford such undertakings the possibility of eliminating competition in respect of a substantial part of the products in question.

For guidance, please refer to form A/B, and in particular Sections 16 and 17 thereof, annexed to Regulation (EC) No 3385/94 (point 4 of Article 3(1) of Protocol 21 to the EEA Agreement/ Chapter III of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement) [25].

11. ÞÁTTUR
Almenn atriði.

Viðbótartakmarkanir.

11.1. Ef samfylkingaraðilar og/eða aðrir hlutaðeigandi aðilar (þar með taldir seljandi og minnihlutahluthafar) gera með sér samning um viðbótartakmarkanir, sem eru í beinum tengslum við samfylkinguna og nauðsynlegar vegna stofnunar hennar, má meta þessar takmarkanir í tengslum við samfylkinguna sjálfa (sjá b-lið 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (b-lið 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól), 25. forsendu reglugerðar (EBE) nr. 4064/89[26], 7. forsendu reglugerðar (EB) nr. 1310/97 (fyrsta undirlið 1. liðar 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn og XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) og auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um viðbótartakmarkanir vegna samfylkinga[27].

a) Tilgreinið allar viðbótartakmarkanir í samningunum sem fylgja tilkynningunni og þér óskið eftir að fá metnar í tengslum við samfylkinguna; og

b) skýrið hvernig þessar takmarkanir eru í beinum tengslum við samfylkinguna og nauðsynlegar fyrir framkvæmd hennar.

Breyting tilkynningar.

11.2. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að tilkynnt samstarfsaðgerð sé ekki samfylking, í skilningi 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (1. liður XIV. viðauka við EES-samninginn), óskið þér þá eftir að farið verði með tilkynninguna sem umsókn um neikvætt vottorð eða sem tilkynningu með það fyrir augum að fá undanþágu frá 53. gr. EES-samningsins?

12. ÞÁTTUR
Yfirlýsing.

Í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 447/98 (2. liður 1. mgr. XIV. bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) stendur að ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skuli þeir framvísa skriflegu umboði til þess. Þetta umboð skal fylgja tilkynningunni.

SECTION 11
General matters

Ancillary restraints

11.1. If the parties to the concentration, and/or other involved parties (including the seller and minority shareholders), enter into ancillary restrictions directly related and necessary to the implementation of the concentration, these restrictions may be assessed in conjunction with the concentration itself (see Article 6(1)(b) and Article 8(2) of Regulation (EEC) No 4064/89 (Article 6(1)(b) and Article 8(2) of Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement), recital 25 to Regulation (EEC) No 4064/89[26], recital 7 to Regulation (EC) No 1310/97 (first indent of point 1 of Article 3(1) of Protocol 21 to the EEA Agreement and Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement) and the Commission Notice on restrictions ancillary to concentrations[27].

(a) Identify each ancillary restriction in the agreements provided with the notification for which you request an assessment in conjunction with the concentration; and

(b) explain why these are directly related and necessary to the implementation of the concentration.

Conversion of notification

11.2. In the event that the EFTA Surveillance Authority finds that the co-operation notified does not constitute a concentration within the meaning of Article 3 of Regulation (EEC) No 4064/89 (point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement), do you request that it be treated as an application for negative clearance from, or a notification to obtain an exemption from Article 53 of the EEA Agreement?

SECTION 12
Declaration

Article 1(2) of Regulation (EC) No 447/98 (Article 1(2) of Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement) states that where notifications are signed by representatives of undertakings, such representatives must produce written proof that they are authorised to act. Such written authorisation must accompany the notification.

Ljúka ber tilkynningunni með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af eða fyrir hönd allra tilkynnenda:

Undirritaðir lýsa yfir því að upplýsingarnar, sem eru veittar í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er samkvæmt eyðublaði CO, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós sé það gert í góðri trú.

Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði b-liðar 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (b-liðar 1. mgr. 14. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Staður og dagsetning:

Undirskriftir:

Nafn/Nöfn:

Fyrir hönd:

The notification must conclude with the following declaration which is to be signed by or on behalf of all the notifying parties:

The undersigned declare that, to the best of their knowledge and belief, the information given in this notification is true, correct, and complete, that complete copies of documents required by form CO, have been supplied, and that all estimates are identified as such and are their best estimates of the underlying facts and that all the opinions expressed are sincere.

They are aware of the provisions of Article 14(1)(b) of Regulation (EEC) No 4064/89 (Article 14(1)(b) of Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement).

Place and date:

Signatures:

Name/s:

On behalf of:

LEIÐBEININGAR I[28]
Útreikningur á veltu tryggingafyrirtækja
(sbr. a-lið 3. mgr. 5. gr.).

Eftirfarandi dæmi (fyrirhuguð samfylking tryggingafyrirtækjanna A og B) sýnir útreikning á veltu tryggingafyrirtækja:

I. *Samstæður rekstrarreikningur.*

(í milljónum ekna)

Tekjur	Fyrirtæki A	Fyrirtæki B
Verg iðgjöld	5.000	300
- verg iðgjöld frá íbúum EFTA-ríkjanna	(4.500)	(300)
-verg iðgjöld frá íbúum eins (og sama) EFTA-ríkis X	(3.600)	(270)
Aðrar tekjur	500	50
Heildartekjur	5.500	350

II. *Útreikningur á veltu.*

1. Í stað samanlagðrar veltu á heimsmarkaði er notað verðmæti vergra iðgjalda á heimsmarkaði, að upphæð 5.300 milljónir ekna.

2. Í stað veltu innan EFTA er notað verðmæti vergra iðgjalda hvors tryggingafyrirtækis frá íbúum EFTA-ríkjanna. Fjárhæð þessi er hærri en 250 milljónir ekna fyrir hvort tryggingafyrirtæki um sig.
3. Í stað veltu innan eins (og sama) EFTA-ríkis X er notað verðmæti vergra iðgjalda hvors tryggingafyrirtækis frá íbúum eins (og sama) EFTA-ríkis X. Tryggingafyrirtæki A fær 80% vergra iðgjalda frá íbúum EFTA-ríkjanna í EFTA-ríki X en tryggingafyrirtæki B fær 90% vergra iðgjalda frá íbúum EFTA-ríkjanna í sama EFTA-ríki X.

GUIDANCE NOTE I[28]
Calculation of turnover for insurance undertakings
(Article 5(3)(a))

For the calculation of turnover for insurance undertakings, we give the following example (proposed concentration between insurance A and B):

I. *Consolidated profit and loss account*

(million ECU)

Income	Insurance A	Insurance B
Gross premiums written	5000	300
-gross premiums received from EFTA residents	(4500)	(300)
-gross premiums received from residents of one (and the same) EFTA State X	(3600)	(270)
Other income	500	50
Total income	5500	350

II. *Calculation of turnover*

1. Aggregate world wide turnover is replaced by the value of gross premiums written world wide, the sum of which is ECU 5 300 million.
2. EFTA-wide turnover is replaced, for each insurance undertakings, by the value of gross premiums written with EFTA residents. For each of the insurance undertakings, this amount is more than ECU 250 million.
3. Turnover within one (and the same) EFTA State X is replaced, for insurance undertakings, by the value of gross premiums written with residents of (one and the same) EFTA State X. For insurance A, it achieves 80 % of its gross premiums written with EFTA residents within EFTA State X, whereas for insurance B, it achieves 90 % of its gross premiums written with EFTA residents in that EFTA State X.

III. *Niðurstaða.*

Þar eð

a) samanlögð velta tryggingafyrirtækjanna A og B á heimsmarkaði, sett fram sem verðmæti vergra iðgjalda á heimsmarkaði, er yfir 5.000 milljónir ekna;

b) verðmæti vergra iðgjalda hvors tryggingafyrirtækis frá íbúum EFTA-ríkjanna er yfir 250 milljónir ekna; en

c) hvort tryggingafyrirtæki um sig fær meira en tvo þriðju hluta vergra iðgjalda frá íbúum EFTA-ríkjanna í einu (og sama) EFTA-ríki X,

fellur fyrirhuguð samfylking ekki undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 sem felld var inn í EES-samninginn.

III. *Conclusion*

Since

(a) the aggregate world wide turnover of insurances A and B, as replaced by the value of gross premiums written world wide, is more than ECU 5 000 million;

(b) for each of the insurance undertakings, the value of gross premiums written with EFTA residents is more than ECU 250 million; but

(c) each of the insurance undertakings achieves more than two thirds of its gross premiums written with EFTA residents in one (and the same) EFTA State X,

the proposed concentration would not fall under the scope of Regulation (EEC) No 4064/89 as incorporated into the EEA.

LEIÐBEININGAR II[29]
Útreikningur á veltu sameiginlegra fyrirtækja.

A. Myndun sameiginlegs fyrirtækis (sbr. 2. mgr. 3. gr.).

Hafi tvö (eða fleiri) fyrirtæki myndað sameiginlegt fyrirtæki sem telst vera samfylking skal reikna veltu hlutaðeigandi fyrirtækja.

B. Sameiginlegt fyrirtæki sem þegar er fyrir hendi (sbr. 5. mgr. 5. gr.).

Við útreikning á veltu, þar sem sameiginlegt fyrirtæki C er í eigu tveggja fyrirtækja A og B sem eiga aðild að samfylkingu, má taka eftirfarandi dæmi:

I. *Rekstrarreikningur.*

(í milljónum ekna)

Velta	Fyrirtæki A	Fyrirtæki B
Sölutekjur á heimsmarkaði	10.000	2.000
- á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna	(8.000)	(1.500)
- í EFTA-ríki Y	(4.000)	(900)

GUIDANCE NOTE II[29]
Calculation of turnover for joint undertakings

A. Creation of a joint undertaking (Article 3(2))

In a case where two (or more) undertakings create a joint undertaking that constitutes a concentration, turnover is calculated for the undertakings concerned.

B. Existence of a joint undertaking (Article 5(5)).

For the calculation of turnover in case of the existence of a joint undertaking C between two undertakings A and B concerned in a concentration, we give the following example:

I. *Profit and loss accounts*

(million ECU)

Turnover	Undertaking A	Undertaking B
Sales revenues world wide	10000	2000
- territory of the EFTA States	(8000)	(1500)
- EFTA State Y	(4000)	(900)

(í milljónum ekna)

Velta	Sameiginlegt fyrirtæki C
Sölutekjur á heimsmarkaði	100
- viðskipti við fyrirtæki A	(20)
- viðskipti við fyrirtæki B	(10)
Velta vegna viðskipta við önnur fyrirtæki	70
- innan EFTA	(60)
- í EFTA-ríki Y	(50)

II. *Meðferð hins sameiginlega fyrirtækis.*

a) Fyrirtæki C er undir sameiginlegum yfirráðum (í skilningi ákvæða 3. og 4. mgr. 3. gr.) fyrirtækja A og B, sem eiga aðild að samfylkingunni, án tillits til eignarhlutar þriðja fyrirtækis í fyrirtæki C.

b) Fyrirtæki A og B mynda ekki samstæðu um C í rekstrarreikningum sínum.

c) Velta C, sem er til komin vegna viðskipta við A og B, er ekki reiknuð með.

d) Veltu C, sem er til komin vegna viðskipta við önnur fyrirtæki, skal skipta jafnt milli fyrirtækja A og B, án tillits til hlutafjáreignar þeirra í C.

III. *Útreikningur á veltu.*

a) Samanlagða veltu fyrirtækis A á heimsmarkaði skal reikna út sem hér segir: við 10.000 milljónir ekna bætast 50% af veltu C á heimsmarkaði sem til er komin vegna viðskipta við önnur fyrirtæki en A og B (þ.e. 35 milljónir ekna), samanlagt 10.035 milljónir ekna.
Samanlagða veltu fyrirtækis B á heimsmarkaði skal reikna út á eftirfarandi hátt: við 2.000 milljónir ekna bætast 50% af veltu C á heimsmarkaði sem til er komin vegna viðskipta við önnur fyrirtæki en A og B (þ.e. 35 milljónir ekna), samanlagt 2.035 milljónir ekna.

b) Samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði er 12.070 milljónir ekna.

c) Velta fyrirtækis A að upphæð 4.025 milljónir ekna er til komin innan EFTA-ríkis Y (50% af veltu C í sama EFTA-ríki eru reiknuð með) og velta innan EFTA að upphæð 8.030 milljónir ekna (að meðtöldum 50% veltu C innan EFTA).

(million ECU)

Turnover	Joint undertaking C
Sales revenues world wide	100
- with undertaking A	(20)
- with undertaking B	(10)
Turnover with third undertakings	70
- EFTA-wide	(60)
- in EFTA State Y	(50)

II. *Consideration of the joint undertaking*

(a) The undertaking C is jointly controlled (in the meaning of Article 3(3) and (4) by the undertakings A and B concerned by the concentration, irrespective of any third undertaking participating in that undertaking C.

(b) The undertaking C is not consolidated A and B in their profit and loss accounts.

(c) The turnover of C resulting from operations with A and B shall not be taken into account.

(d) The turnover of C resulting from operations with any third undertaking shall be apportioned equally amongst the undertakings A and B, irrespective of their individual shareholdings in C.

III. *Calculation of turnover*

(a) Undertaking A's aggregate world wide turnover shall be calculated as follows: ECU 10 000 million and 50 % of C's world wide turnover with third undertakings (i.e. ECU 35 million), the sum of which is ECU 10 035 million.
Undertaking B's aggregate world wide turnover shall be calculated as follows: ECU 2 000 million and 50 % of C's world wide turnover with third undertakings (i.e. ECU 35 million), the sum of which is ECU 2 035 million.

(b) The aggregate world wide turnover of the undertakings concerned is ECU 12 070 million.

(c) Undertaking A achieves ECU 4 025 million within EFTA State Y (50 % of C's turnover in this EFTA State taken into account), and an EFTA-wide turnover of ECU 8 030 million (including 50 % of C's EFTA-wide turnover).

Velta fyrirtækis B að upphæð 925 milljónir ekna er til komin innan EFTA-ríkis Y (50% af veltu C í sama EFTA-ríki eru reiknuð með) og velta innan EFTA að upphæð 1.530 milljónir ekna (að meðtöldum 50% af veltu C innan EFTA).

IV. *Niðurstaða.*

Þar eð

a) samanlögð velta fyrirtækja A og B á heimsmarkaði er yfir 5.000 milljónir ekna;

b) velta hvors fyrirtækis, sem á aðild að samfylkingunni, er yfir 250 milljónir ekna innan EFTA;

c) minna en tveir þriðju hlutar veltu hvors hlutaðeigandi fyrirtækis innan EFTA (fyrirtæki A 50,1% og fyrirtæki B 60,5%) er til komin í einu (og sama) EFTA-ríki Y,

fellur fyrirhuguð samfylking undir gildissvið reglugerðar (RBR) nr. 4064/89 sem felld var inn í EES-samninginn.

LEIÐBEININGAR III[30]
Beiting reglunnar um tvo þriðju hluta
(sbr. 1. gr.).

Eftirfarandi dæmi (fyrirhuguð samfylking fyrirtækja A og B) sýna hvernig beita skal reglunni um tvo þriðju hluta:

I. *Samstæður rekstrarreikningur.*

1. dæmi

(í milljónum ekna)

Velta	Fyrirtæki A	Fyrirtæki B
Söluhagnaður á heimsmarkaði	10.000	500
- á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna	(8.000)	(400)
- í EFTA-ríki X	(6.000)	(200)

Undertaking B achieves ECU 925 million within EFTA State Y (50 % of C's turnover in this EFTA State taken into account), and an EFTA-wide turnover of ECU 1 530 million (including 50 % of C's EFTA-wide turnover).

IV. *Conclusion*

Since

(a) the aggregate world wide turnover of undertakings A and B is more than ECU 5 000 million;

(b) each of the undertakings concerned by the concentration achieves more than ECU 250 million within the EFTA territory;

c) each of the undertakings concerned (undertaking A 50,1 % and undertaking B 60,5 %) achieves less than two thirds of its EFTA-wide turnover in one (and the same) EFTA State Y,

the proposed concentration would fall under the scope of Regulation (EEC) No 4064/89 as incorporated into the EEA.

GUIDANCE NOTE III[30]
Application of the two-thirds rule (Article 1)

For the application of the two thirds rule for undertakings, we give the following examples (proposed concentration between undertakings A and B):

I. *Consolidated profit and loss accounts*

Example 1

(million ECU)

Turnover	Undertaking A	Undertaking B
Sales revenues world wide	10000	500
- within the territory of the EFTA States	(8000)	(400)
- in EFTA State X	(6000)	(200)

2. dæmi a)

(í milljónum ekna)

Velta	Fyrirtæki A	Fyrirtæki B
Söluhagnaður á heimsmarkaði	4.800	500
- á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna	(2.400)	(400)
- í EFTA-ríki X	(2.100)	(300)

2. dæmi b)

Sömu tölur og í 2. dæmi a), nema velta fyrirtækis B, sem er til komin í EFTA-ríki Y, er 300 milljónir ekna.

II. *Beiting reglunnar um tvo þriðju hluta.*

1. dæmi

1. Velta fyrirtækis A innan EFTA er 8.000 milljónir ekna og fyrirtækis B 400 milljónir ekna.
2. Velta fyrirtækis A í einu (og sama) EFTA-ríki X er 75% af veltu innan EFTA (6.000 milljónir ekna) og hjá fyrirtæki B 50% af veltu innan EFTA (200 milljónir ekna).
3. Niðurstaða: Jafnvel þó að meira en tveir þriðju hlutar veltu fyrirtækis A innan EFTA sé í þessu tilviki til komin í EFTA-ríki X, félli fyrirhuguð samfylking undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 sem felld var inn í EES-samninginn.

2. dæmi a)

1. Velta fyrirtækis A innan EFTA er 2.400 milljónir ekna og hjá fyrirtæki B 400 milljónir ekna.
2. Velta fyrirtækis A í einu (og sama) EFTA-ríki X er 2.100 milljónir ekna (þ.e. 87,5% af veltu þess innan bandalagsins) og hjá fyrirtæki B 300 milljónir ekna (þ.e. 75% af veltu þess innan EFTA).
3. Niðurstaða: Meira en tveir þriðju hlutar veltu hvors fyrirtækis innan EFTA er til komin í þessu tilviki í einu (og sama) EFTA-ríki X; fyrirhuguð samfylking félli því ekki undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, sem felld var inn í EES-samninginn, þar eð minna en tveir þriðju hlutar veltu fyrirtækis B innan bandalagsins er til komin í aðildarríki X.

Example 2(a)

(million ECU)

Turnover	Undertaking A	Undertaking B
Sale revenues world wide	4800	500
- within the territory of the EFTA States	(2400)	(400)
- in EFTA State X	(2100)	(300)

Example 2(b)

Same figures as in example 2(a) but undertaking B achieves ECU 300 million in EFTA State Y.

II. *Application of the two-thirds rule*

Example 1

1. EFTA-wide turnover is, for undertaking A, ECU 8 000 million and for undertaking B ECU 400 million.
2. Turnover in one (and the same) EFTA State X is, for undertaking A (ECU 6 000 million), 75 % of its EFTA-wide turnover and is, for undertaking B (ECU 200 million), 50 % of its EFTA-wide turnover.
3. Conclusion: In this case, although undertaking A achieves more than two thirds of its EFTA-wide turnover in EFTA State X, the proposed concentration would fall under the scope of Regulation (EEC) No 4064/89 as incorporated into the EEA.

Example 2(a)

1. EFTA-wide turnover of undertaking A is ECU 2 400 million and of undertaking B, ECU 400 million.
2. Turnover in one (and the same) EFTA State X is, for undertaking A, ECU 2 100 million (i. e. 87,5 % of its EFTA-wide turnover); and, for undertaking B, ECU 300 million (i. e. 75 % of its EFTA-wide turnover).
3. Conclusion: In this case, each of the undertakings concerned achieves more than two thirds of its EFTA-wide turnover in one (and the same) EFTA State X; the proposed concentration would not fall under the scope of Regulation (EEC) No 4064/89 as incorporated into the EEA due to the fact that undertaking B achieves less than two thirds of its Community-wide turnover in member state X.

2. dæmi b)

Niðurstaða: Reglan um tvo þriðju hluta á ekki við í þessu tilviki þar eð meira en tveir þriðju hlutar veltu fyrirtækja A og B innan EFTA er til komin í mismunandi EFTA-ríkjum, X og Y. Fyrirhuguð samfylking félli þar af leiðandi undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 sem felld var inn í EES-samninginn".

Example 2(b)

Conclusion: In this case, the two thirds rule would not apply due to the fact that undertakings A and B achieve more than two thirds of their EFTA-wide turnover in different EFTA States X and Y. Therefore, the proposed concentration would fall under the scope of Regulation (EEC) No 4064/89 as incorporated into the EEA.".

---

1 Eyðublað þetta má einnig nota fyrir tilkynningar til framkvæmdastjórnar EB.

2 Hér á eftir nefndur „EES-samningurinn". Þegar getið er EFTA-ríkja er átt við þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum.

3 Hér á eftir nefndur „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól".

4 Tilvísanir til ákvæðanna, sem fella einhverjar af 6. — 25. gr. reglugerðar (EBE) 4064/89 inn í EES-samninginn, eru hér á eftir styttar í tilvísanir til samsvarandi ákvæða XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

5 Tilvísanir til ákvæðanna, sem fella þessa reglugerð inn í EES-samninginn, eru hér á eftir styttar í tilvísanir til samsvarandi ákvæða XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

6 Reikna ber út veltu sameiginlegs fyrirtækis í samræmi við síðustu endurskoðaða reikninga móðurfélaganna eða sameiginlega fyrirtækisins sjálfs, svo fremi að fyrir hendi séu aðskildir reikningar fyrir sameignir sameiginlega fyrirtækisins.

7 Orðin „og/eða" vísa til hinna ýmsu aðstæðna sem um getur verið að ræða; til dæmis:
- þegar tvö eða fleiri fyrirtæki yfirtaka sameiginlega annað fyrirtæki skal leggja veltu þess síðastnefnda (sameiginlega fyrirtækisins) til grundvallar,
- þegar stofnað er sameiginlegt fyrirtæki og móðurfyrirtækin færa starfsemi sína yfir á það ber að leggja veltu hinnar yfirfærðu starfsemi til grundvallar,
- þegar nýr yfirráðaaðili kemur inn í sameiginlegt fyrirtæki skal leggja veltu sameiginlega fyrirtækisins og veltu þeirrar starfsemi, ef einhver er, sem nýja móðurfélagið færir yfir á það, til grundvallar.

8 Reikna skal út samanlagt verðgildi eigna sameiginlega fyrirtækisins í samræmi við síðasta efnahagsreikning hvers móðurfyrirtækis um sig sem lagður hefur verið fram samkvæmt venju og samþykktur. Hugtakið „eignir" felur í sér 1) allar efnislegar og óefnislegar eignir sem verða yfirfærðar til sameiginlega fyrirtækisins (meðal efnislegra eigna eru til dæmis framleiðslustöðvar, heildsölu- eða smásölufyrirtæki og birgðir) og 2) öll lán eða skuldbindingar sameiginlega fyrirtækisins sem móðurfyrirtæki hafa samþykkt að framlengja eða ábyrgjast.

9 Ef yfirfærðar eignir skapa veltu má hvorki verðgildi eignanna né veltunnar fara yfir 100 milljónir ekna.

10 Sjá 4. neðanmálsgrein í inngangskafla.

11 Sé um tilraun til yfirtöku á fyrirtæki að ræða þar sem fyrirtækið stendur í vegi fyrir yfirtökunni skal telja það með og tilgreina einstök atriði eins nákvæmlega og unnt er.

12 Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á hlutaðeigandi fyrirtækjum. Á eftir að hljóta samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA.

13 Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um útreikning á veltu, sem á eftir að hljóta samþykki Eftirlitsstofnunar

---

1 This form may also be used for notifications to the European Commission.

2 Hereinafter abbreviated the 'EEA Agreement'. In particular, any reference to EFTA States shall be understood to mean those EFTA States which are Contracting Parties to the EEA Agreement

3 Herinafter abbreviated to the'Surveillance and Court Agreement'.

4 References to the provisions which incorporate any of Articles 6 to 25 of Regulation (EEC) 4064/89 into the EEA are hereinafter abbreviated to references to the corresponding provisions of Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement.

5 References to the provisions which incorporate this Regulation into the EEA are hereinafter abbreviated to references to the corresponding provisions of Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement.

6 The turnover of the joint venture should be determined according to the most recent audited accounts of the parent companies, or the joint venture itself, depending upon the availability of separate accounts for the resources combined in the joint venture.

7 The expression "and/or" refers to the variety of situations covered by the short form; for example:
- in the case of the joint acquisition of a target company, the turnover to be taken into account is the turnover of this target (the joint venture),
- in the case of the creation of a joint venture to which the parent companies contribute their activities, the turnover to be taken into account is that of the contributed activities,
- in the case of entry of a new controlling party into an existing joint venture, the turnover of the joint venture and the turnover of the activities contributed by the new parent company (if any) must be taken into account.

8 The total value of assets of the joint venture should be determined according to the last regularly prepared and approved balance sheet of each parent company. The term "assets" includes: (1) all tangible and intangible assets that will be transferred to the joint venture (examples of tangible assets include production plants, wholesale or retail outlets, and inventory of goods), and (2) any amount of credit or any obligations of the joint venture which any parent company of the joint venture has agreed to extend or guarantee.

9 Where the assets transferred generate turnover, then neither the value of the assets nor that of the turnover may exceed ECU 100 million.

10 See footnote 4 in the Introduction.

11 This includes the target company in the case of a contested bid, in which case the details should be completed as far as is possible.

12 See the Commission notice on the concept of undertakings concerned. To be adopted by the EFTA Surveillance Authority.

13 See, generally, the Commission notice on calculation of turnover, to be adopted by the EFTA Surveillance Aut-

EFTA. Velta þeirra aðila sem yfirtaka fyrirtæki eða samfylkingaraðila skal miðast við samanlagða veltu allra fyrirtækjanna í skilningi 4. mgr. 5. gr. Velta eins eða fleiri aðila, sem eru yfirteknir, skal miðast við veltu þeirra hluta sem eru yfirteknir samkvæmt 2. mgr. 5. gr. Í 3. og 4. mgr. og 5. mgr. 5. gr. eru sérstök ákvæði um lánastofnanir, tryggingastofnanir, aðrar fjármálastofnanir og sameiginleg fyrirtæki.

5. Royalties shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is a resident of that State. Where, however, the person paying the royalties, whether he is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment or a fixed base in connection with which the liability to pay the royalties was incurred, and such royalties are borne by such permanent establishment or fixed base, then such royalties shall be deemed to arise in the State in which the permanent establishment or fixed base is situated.
6. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the royalties, having regard to the use, right or information for which they are paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer and the beneficial owner in the absence

ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

13. gr.
Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem getið er um í 6. gr. og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stöð.

3. Hagnaður, sem hlýst af sölu eigna sem eru hluti atvinnurekstrareignar fyrirtækis og samanstendur af skipum eða loftförum sem notuð eru af slíku fyrirtæki í flutningum á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem raunverulega framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
4. Hagnaður, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í 1., 2. og 3. mgr., skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.
Sjálfstæð persónuleg þjónusta.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af sérfræðiþjónustu eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis skattlagðar í því ríki nema við eftirfarandi kringumstæður þegar einnig má skattleggja slíkar tekjur í hinu samningsríkinu:

   a) ef hann hefur fasta stöð í hinu samningsríkinu til þess að leysa af hendi störf sín.

of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Convention.

Article 13
Capital Gains

1. Gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of immovable property referred to in Article 6 and situated in the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. Gains from the alienation of movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State or of movable property pertaining to a fixed base available to a resident of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, including such gains from the alienation of such a permanent establishment (alone or with the whole enterprise) or of such fixed base, may be taxed in that other State.
3. Gains from the alienation of property forming part of the business property of an enterprise and consisting of ships or aircraft operated by such enterprise in international traffic or of movable property pertaining to the operation of such ships or aircraft, shall be taxable only in the Contracting State in which the place of effective management of the enterprise is situated.
4. Gains from the alienation of any property other than that referred to in paragraphs 1, 2 and 3, shall be taxable only in the Contracting State of which the alienator is a resident.

Article 14
Independent Personal Services

1. Income derived by a resident of a Contracting State in respect of professional services or other activities of an independent character shall be taxable only in that State except in the following circumstances, when such income may also be taxed in the other Contracting State:
   a) if he has a fixed base regularly available to him in the other Contracting State for

Í því tilviki má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis á þann hluta þeirra sem rekja má til þessarar föstu stöðvar; eða

b) ef hann dvelst í hinu samningsríkinu í eitt eða fleiri skipti, samtals í meira en 183 daga á tólf mánaða tímabili sem hefst eða endar á viðkomandi skattári. Í því tilviki má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis á þann hluta þeirra sem rekja má til starfa hans í því ríki.

2. Hugtakið „sérfræðiþjónusta“ merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- eða kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.
Launað starf.

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr., skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé leyst af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er leyst þar af hendi má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
   a) starfið er leyst af hendi í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi skattári, og
   b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og
   c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.
3. Hugtakið „vinnuveitandi“ sem vísað er til í b-lið 2. mgr. merkir þann aðila sem á rétt til starfsframlagsins og ber ábyrgð og áhættu sem tengist framkvæmd starfsins.

4. Þrátt fyrir undanfarandi ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf

the purpose of performing his activities; in that case, only so much of the income as is attributable to that fixed base may be taxed in that other State; or

b) if his stay in the other State is for a period or periods exceeding in the aggregate 183 days in any twelve month period commencing or ending in the fiscal year concerned; in that case, only so much of the income as is derived from his activities performed in that other State may be taxed in that other State.

2. The term "professional services" includes especially independent scientific, literary, artistic, educational or teaching activities as well as the independent activities of physicians, lawyers, engineers, architects, dentists and accountants.

Article 15
Dependent Personal Services

1. Subject to the provisions of Articles 16, 18 and 19, salaries, wages and other similar remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment shall be taxable only in that State unless the employment is exercised in the other Contracting State. If the employment is so exercised, such remuneration as is derived therefrom may be taxed in that other State.
2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment exercised in the other Contracting State shall be taxable only in the first-mentioned State if all the following conditions are met:
   a) the employment is exercised in the other State for a period or periods not exceeding in the aggregate 183 days in any twelve month period commencing or ending in the fiscal year concerned, and
   b) the remuneration is paid by, or on behalf of, an employer who is not a resident of the other State, and
   c) the remuneration is not borne by a permanent establishment or a fixed base which the employer has in the other State.
3. The term "employer" mentioned in paragraph 2 b) means the person having right on the work produced and bearing the responsibility and risk connected with the performance of the work.
4. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, remuneration derived in respect

unnið um borð í skipi eða loftfari sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum í því samningsríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

16. gr.
Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn eða svipaðri stofnun félags sem heimilisfast er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.
Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki sem hann aflar í hinu samningsríkinu með persónulegum störfum sem skemmtikraftur, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi, eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.
2. Þegar tekjur af persónulegu starfi, sem leyst er af hendi af skemmtikrafti eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til skemmtikraftsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starfsemi skemmtikraftsins eða íþróttamannsins fer fram.

18. gr.
Eftirlaun.

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 2. mgr. 19. gr. skulu eftirlaun og annað svipað endurgjald sem greitt er aðila heimilisföstum í samningsríki vegna fyrri starfa hans einungis skattlögð í því ríki.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 19. gr. skulu eftirlaun og aðrar greiðslur, hvort sem þær eru inntar af hendi með vissu millibili eða í einu lagi, sem greiddar eru samkvæmt almannatryggingalöggjöf samningsríkis eða opinberu kerfi á vegum samningsríkis til að tryggja velferð almennings, einungis skattlagðar í því ríki.

of an employment exercised aboard a ship or aircraft operated in international traffic, may be taxed in the Contracting State in which the place of effective management of the enterprise is situated.

Article 16
Directors' Fees

Directors' fees and other similar payments derived by a resident of a Contracting State in his capacity as a member of the board of directors or any other similar organ of a company which is a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.

Article 17
Artistes and Sportsmen

1. Notwithstanding the provisions of Articles 14 and 15, income derived by a resident of a Contracting State as an entertainer, such as a theatre, motion picture, radio or television artiste, or a musician, or as a sportsman, from his personal activities as such exercised in the other Contracting State, may be taxed in that other State.
2. Where income in respect of personal activities exercised by an entertainer or a sportsman in his capacity as such accrues not to the entertainer or sportsman himself but to another person, that income may, notwithstanding the provisions of Articles 7, 14 and 15, be taxed in the Contracting State in which the activities of the entertainer or sportsman are exercised.

Article 18
Pensions

1. Subject to the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions and other similar remuneration paid to a resident of a Contracting State in consideration of past employment shall be taxable only in that State.
2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1 and the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions paid and other benefits, whether periodic or lump-sum compensation, granted under the social security legislation of a Contracting State or under any public scheme organised by a Contracting State for social welfare purposes shall be taxable only in that State.

19. gr.
Opinbert starf.

1. a) Starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, að undanskildum eftirlaunum, sem greidd eru af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar, skulu einungis skattlögð í því ríki.
   b) Slík starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst þar af hendi og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:
      (i) er ríkisborgari þess ríkis; eða
      (ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.
2. a) Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess, skulu einungis skattlögð í því ríki.
   b) Slík eftirlaun skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef maðurinn er heimilisfastur þar og er jafnframt ríkisborgari þess ríkis.
3. Ákvæði 15., 16., 17. og 18. gr. skulu gilda um starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald og um eftirlaun sem greidd eru fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess.

Article 19
Government Service

1. a) Salaries, wages and other similar remuneration, other than a pension, paid by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to that State or subdivision or authority shall be taxable only in that State.
   b) However, such salaries, wages and other similar remuneration shall be taxable only in the other Contracting State if the services are rendered in that State and the individual is a resident of that State who:
      (i) is a national of that State; or
      (ii) did not become a resident of that State solely for the purpose of rendering the services.
2. a) Any pension paid by, or out of funds created by, a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to that State or subdivision or authority shall be taxable only in that State.
   b) However, such pension shall be taxable only in the other Contracting State if the individual is a resident of, and a national of, that State.
3. The provisions of Articles 15, 16, 17 and 18 shall apply to salaries, wages and other similar remuneration, and to pensions, in respect of services rendered in connection with a business carried on by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof.

20. gr.
Námsmenn.

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til samningsríkis heimilisfastur í hinu samningsríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal undanþeginn skattlagningu í því ríki á greiðslur sem hann fær til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun, enda komi slíkar greiðslur frá aðilum utan þess ríkis.

Article 20
Students

Payments which a student or business apprentice who is or was immediately before visiting a Contracting State a resident of the other Contracting State and who is present in the first-mentioned State solely for the purpose of his education or training receives for the purpose of his maintenance, education or training shall not be taxed in that State, provided that such payments arise from sources outside that State.

21. gr.
Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum

Article 21
Other Income

1. Items of income of a resident of a Contracting State, wherever arising, not dealt

þessa samnings, skulu einungis skattlagðar í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um tekjur, að undanskildum tekjum af fasteign eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 6. gr., ef viðtakandi teknanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð sem þar er staðsett eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu ríkinu frá fastri stöð sem þar er staðsett, og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda., eftir því sem við á.

22. gr.

Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Þegar aðili heimilisfastur í samningsríki hefur tekjur, sem samkvæmt ákvæðum þessa samnings má skattleggja í hinu samningsríkinu, skal fyrrnefnda ríkið heimila að dregin sé frá tekjuskatti þessa heimilisfasta aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í síðarnefnda ríkinu.

   Frádráttur þessi skal þó ekki vera hærri en sá hluti tekjuskattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur sem skattleggja má í síðarnefnda samningsríkinu.

2. Þegar aðili heimilisfastur í samningsríki hefur tekjur, sem eru undanþegnar skattlagningu í því ríki samkvæmt ákvæðum samningsins, er því ríki þó heimilt við ákvörðun skatta á aðrar tekjur þessa heimilisfasta aðila að taka tillit til þeirra tekna sem undanþegnar eru skattlagningu.

23. gr.

Bann við mismunun.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem ekki eru heimilisfastir í öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum.

with in the foregoing Articles of this Convention shall be taxable only in that State.

2. The provisions of paragraph 1 shall not apply to income, other than income from immovable property as defined in paragraph 2 of Article 6, if the recipient of such income, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the income is paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

Article 22

Elimination of Double Taxation

1. Where a resident of a Contracting State derives income which, in accordance with the provisions of this Convention, may be taxed in the other Contracting State, the first-mentioned State shall allow as a deduction from the tax on the income of that resident, an amount equal to the income tax paid in that other State.

   Such deduction shall not, however, exceed that part of the income tax, as computed before the deduction is given, which is attributable to the income which may be taxed in that other State.

2. Where in accordance with any provision of the Convention income derived by a resident of a Contracting State is exempt from tax in that State, such State may nevertheless, in calculating the amount of tax on the remaining income of such resident, take into account the exempted income.

Article 23

Non-Discrimination

1. Nationals of a Contracting State shall not be subjected in the other Contracting State to any taxation or any requirement connected therewith, which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which nationals of that other State in the same circumstances, in particular with respect to residence, are or may be subjected. This provision shall, notwithstanding the provisions of Article 1, also apply to per-

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar eða fastrar stöðvar sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á aðila sem heimilisfastir eru í því ríki og hafa sams konar starfsemi með höndum.
3. Ekkert í þessari grein skal skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða fjölskylduframfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.
4. Vextir, þóknanir og aðrar greiðslur, sem fyrirtæki í samningsríki greiðir til aðila heimilisfasts í hinu samningsríkinu, skulu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskylds hagnaðar fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef þær hefðu verið greiddar til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu, nema ákvæði 9. gr., 4. mgr. 11. gr. eða 6. mgr. 12. gr. eigi við. Á sama hátt skulu allar skuldir fyrirtækis í samningsríki við aðila heimilisfastan í hinu samningsríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra eigna fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef til þeirra hefði verið stofnað við aðila heimilisfastan í fyrrnefnda ríkinu.
5. Þótt fjármagn fyrirtækja í samningsríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu skulu þau ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar sem heimilisfast er í fyrrnefnda ríkinu sæta eða unnt er að láta þau sæta.
6. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu ákvæði þessarar greinar gilda um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

24. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við

sons who are not residents of one or both of the Contracting States.

2. The taxation on a permanent establishment or on a fixed base which a resident of a Contracting State has in the other Contracting State shall not be less favourably levied in that other State than the taxation levied on residents of that other State carrying on the same activities.
3. Nothing in this Article shall be construed as obliging a Contracting State to grant to residents of the other Contracting State any personal allowances, reliefs and reductions for taxation purposes on account of civil status or family responsibilities which it grants to its own residents.
4. Except where the provisions of Article 9, paragraph 4 of Article 11, or paragraph 6 of Article 12, apply, interest, royalties and other disbursements paid by an enterprise of a Contracting State to a resident of the other Contracting State shall, for the purpose of determining the taxable profits of such enterprise, be deductible under the same conditions as if they had been paid to a resident of the first-mentioned State. Similarly, any debts of an enterprise of a Contracting State to a resident of the other Contracting State shall, for the purpose of determining the taxable capital of such enterprise, be deductible under the same conditions as if they had been contracted to a resident of the first-mentioned State.
5. Enterprises of a Contracting State, the capital of which is wholly or partly owned or controlled, directly or indirectly, by one or more residents of the other Contracting State, shall not be subjected in the first-mentioned State to any taxation or any requirement connected therewith which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which other similar enterprises of the first-mentioned State are or may be subjected.
6. The provisions of this Article shall, notwithstanding the provisions of Article 2, apply to taxes of every kind and description.

Article 24

Mutual Agreement Procedure

1. Where a person considers that the actions of one or both of the Contracting States result or will result for him in taxation not in accordance with the provisions of this Convention,

ákvæði þessa samnings getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans undir ákvæði 1. mgr. 24. gr., í því samningsríki þar sem hann á ríkisfang. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um aðgerðir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.

2. Ef hið bæra stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakmörkunum sem í gildi eru samkvæmt lögum samningsríkjanna.

3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins. Þau geta einnig ráðgast sín á milli í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli, þar á meðal í sameiginlegri nefnd sem skipuð er þeim eða fulltrúum þeirra, í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar.

25. gr.

Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem máli skipta fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða laga samningsríkjanna varðandi skatta sem þessi samningur tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki við ákvæði 1. gr. Með allar upplýsingar sem mótteknar eru af samningsríki skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu eingöngu gerðar kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnsýsluaðilum) sem hafa með höndum álagningu eða

he may, irrespective of the remedies provided by the domestic law of those States, present his case to the competent authority of the Contracting State of which he is a resident or, if his case comes under paragraph 1 of Article 23, to that of the Contracting State of which he is a national. The case must be presented within three years from the first notification of the action resulting in taxation not in accordance with the provisions of the Convention.

2. The competent authority shall endeavour, if the objection appears to it to be justified and if it is not itself able to arrive at a satisfactory solution, to resolve the case by mutual agreement with the competent authority of the other Contracting State, with a view to the avoidance of taxation which is not in accordance with the Convention. Any agreement reached shall be implemented notwithstanding any time limits in the domestic law of the Contracting States.

3. The competent authorities of the Contracting States shall endeavour to resolve by mutual agreement any difficulties or doubts arising as to the interpretation or application of the Convention. They may also consult together for the elimination of double taxation in cases not provided for in the Convention.

4. The competent authorities of the Contracting States may communicate with each other directly, including through a joint commission consisting of themselves or their representatives, for the purpose of reaching an agreement in the sense of the preceding paragraphs.

Article 25

Exchange of Information

1. The competent authorities of the Contracting States shall exchange such information as is necessary for carrying out the provisions of this Convention or of the domestic laws of the Contracting States concerning taxes covered by the Convention insofar as the taxation thereunder is not contrary to the Convention. The exchange of information is not restricted by Article 1. Any information received by a Contracting State shall be treated as secret in the same manner as information obtained under the domestic laws of that State and shall be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) concerned with the assessment

innheimtu á þeim sköttum sem samningurinn tekur til eða fullnustu- eða ákæruvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

2. Ákvæði 1. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi skyldur á samningsríki til að:
   a) framkvæma stjórnsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
   b) veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða eðlilegum stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
   c) veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðiþekkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn almannareglu (ordre public) ef þær væru gerðar opinberar.

26. gr.
Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnana.

Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn ræðisstofnana njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

27. gr.
Gildistaka.

1. Samningsríkin skulu tilkynna hvort öðru um að stjórnskipuleg skilyrði fyrir gildistöku þessa samnings hafi verið uppfyllt.

2. Samningurinn skal öðlast gildi þann dag er síðari tilkynningin samkvæmt 1. mgr. er dagsett og skulu ákvæði hans koma til framkvæmda í báðum samningsríkjunum:
   a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem greiddar eru eða færðar 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi;
   b) að því er varðar aðra skatta á tekjur, vegna tekna á hverju skattári sem byrjar 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem

or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to, the taxes covered by the Convention. Such persons or authorities shall use the information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions.

2. In no case shall the provisions of paragraph 1 be construed so as to impose on a Contracting State the obligation:
   a) to carry out administrative measures at variance with the laws and administrative practice of that or of the other Contracting State;
   b) to supply information which is not obtainable under the laws or in the normal course of the administration of that or of the other Contracting State;
   c) to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret or trade process, or information, the disclosure of which would be contrary to public policy (ordre public).

Article 26
Members of Diplomatic Missions and Consular Posts

Nothing in this Convention shall affect the fiscal privileges of members of diplomatic missions or consular posts under the general rules of international law or under the provisions of special agreements.

Article 27
Entry into Force

1. The Contracting States shall notify each other that the constitutional requirements for the entry into force of this Convention have been complied with.
2. The Convention shall enter into force on the date of the later of the notifications referred to in paragraph 1 and its provisions shall have effect in both Contracting States:
   a) in respect of taxes withheld at source, on income paid or credited on or after 1st January in the calendar year next following that in which the Convention enters into force;
   b) in respect of other taxes on income, on income in any tax year beginning on or after 1st January in the calendar year next

fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi.

28. gr.
Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af samningsríki. Hvort samningsríki um sig getur sagt upp samningnum eftir diplómatískum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok hvers almanaksárs þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku samningsins. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt í samningsríkjunum:

a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem greiddar eru eða færðar 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynning um uppsögn er gefin;
b) að því er varðar aðra skatta á tekjur, vegna tekna á hverju skattári sem byrjar 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar tilkynning um uppsögn er gefin.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Ósló hinn 18. janúar 2000 á ensku.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
Kristinn F. Árnason

Fyrir hönd lýðveldisins Tékklands
Petr Kypr

following that in which the Convention enters into force.

Article 28
Termination

This Convention shall remain in force until terminated by a Contracting State. Either Contracting State may terminate the Convention, through diplomatic channels, by giving notice of termination in writing at least six months before the end of any calendar year following after the period of five years from the date on which the Convention enters into force. In such event, the Convention shall cease to have effect in both Contracting States:

a) in respect of taxes withheld at source, on income paid or credited on or after 1st January in the calendar year next following that in which the notice is given;

b) in respect of other taxes on income, on income in any tax year beginning on or after 1st January in the calendar year next following that in which the notice is given.

In witness whereof the undersigned, duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done in duplicate at Oslo on this 18th day of January, 2000 in the English language.

For the Republic of Iceland
Kristinn F. Árnason

For the Czech Republic
Petr Kypr

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Eistlands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Eistlands tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Eistlands frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1996, 21/1996, 20/1997, 40/1998 og 25/1999, og öðlast hún gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	22.11.2000	Breyting á bókun B	01.01.2001

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Nr. 36 31. desember 2000

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lettlands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Lettlands tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Lettlands frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1996, 23/1996, 27/1997 og 27/1999, og öðlast hún gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	22.11.2000	Breyting á bókun B	06.01.2001

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Litháens.

Sameiginleg nefnd EFTA og Litháens tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Litháens frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1996, 28/1997 og 28/1999, og öðlast þær gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	07.12.2000	Breytingar á bókun A	01.01.2001
2/2000	07.12.2000	Breytingar á bókun B	01.01.2001

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

31. desember 2000 Nr. 38

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós.

Sameiginleg nefnd EFTA og Marokkós tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og konungsríkisins Marokkós frá 19. júní 1997, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1998 og 21/1999, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	24.10.2000	Málsmeðferðarreglur	24.10.2000
2/2000	24.10.2000	Stofnun undirnefndar um tolla- og upprunamál	24.10.2000
3/2000	24.10.2000	Breyting á II. viðauka	01.01.2001
4/2000	24.10.2000	Breytingar á töflum A, B, E og F við III. viðauka	24.10.2000
5/2000	24.10.2000	Breytingar á II. viðauka við bókun B	01.02.2001
6/2000	24.10.2000	Breyting á bókun C	24.10.2000
7/2000	24.10.2000	Breyting á 18. gr. um ríkisaðstoð	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Póllands tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands frá 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993, 25/1993, 54/1995, 60/1995, 24/1996, 29/1997, 34/1998 og 29/1999, og öðlast þær gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	05.12.2000	Breytingar á bókun B	01.01.2001
2/2000	05.12.2000	Brottfelling sameiginlegrar yfirlýsingar við bókun B	01.01.2001
3/2000	05.12.2000	Breyting á bókun D	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Nr. 40 31. desember 2000

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Rúmeníu tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu frá 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1995, 55/1995, 25/1996, 30/1997, 35/1998 og 30/1999, og öðlast hún gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	22.11.2000	Breyting á bókun B	01.01.2001

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Slóvakíu tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, 1/1993, 5/1993, 56/1995, 26/1996, 36/1998 og 31/1999, og öðlast þær gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	14.12.2000	Breyting á II. viðauka	01.01.2001
2/2000	14.12.2000	Breyting á bókun B	01.01.2001
3/2000	14.12.2000	Brottfelling sameiginlegrar yfirlýsingar við bókun B	01.01.2001
4/2000	14.12.2000	Brottfelling IV. viðauka	01.01.2001
5/2000	14.12.2000	Breyting á bókun D	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

31. desember 2000 Nr. 42

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóveníu.

Sameiginleg nefnd EFTA og Slóveníu tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Slóveníu frá 13. júní 1995, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1996, 27/1996, 21/1998, 41/1998 og 32/1999, og öðlast hún gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	22.11.2000	Breyting á bókun B	01.01.2001

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tékklands tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, 1/1993, 6/1993, 57/1995, 28/1996, 31/1997, 37/1998 og 33/1999, og öðlast þær gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	14.11.2000	Breytingar á bókun B	01.01.2001
2/2000	14.11.2000	Breyting á II. viðauka	01.01.2001

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Nr. 44 31. desember 2000

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tyrklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tyrklands tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Tyrklands frá 10. desember 1991, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1992, 58/1995, 38/1998 og 34/1999, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	16.11.2000	Breytingar á bókun B	01.01.2001
2/2000	16.11.2000	Breytingar á I. viðauka	01.01.2001
3/2000	16.11.2000	Breytingar á II. viðauka	16.11.2000
4/2000	16.11.2000	Ný bókun D	Hefur ekki öðlast gildi

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Ungverjalands tók á árinu 2000 eftirfarandi ákvörðun um breytingu á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Ungverjalands frá 29. mars 1993, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1995, 59/1995, 32/1997, 39/1998 og 35/1999, og öðlast hún gildi sem hér segir:

Nr.	*Dags.*	*Efni*	*Gildistaka*
1/2000	21.11.2000	Breyting á bókun B	01.01.2001

Breytingin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

31. desember 2000 Nr. 46

AUGLÝSING

um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árinu 1999.

Sameiginlega EES-nefndin tók 192 ákvarðanir á árinu 1999 um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, þar sem samningurinn er birtur, 29/1996, 37/1997, 42/1998, 36/1999 og 37/1999. Ákvarðanirnar og þær EB-gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.
Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
1/1999	29.01.1999	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/627/EB frá 17. október 1996 um framkvæmd 2. gr. tilskipunar ráðsins 77/311/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hávaðamörk fyrir ökumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum.)	7. hefti, 2000, bls. 1	30.01.1999	30.01.1999
2/1999	29.01.1999	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/71/EB frá 15. desember 1997 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum.)	7. hefti, 2000, bls. 3	30.01.1999	30.01.1999
3/1999	29.01.1999	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/28/EB frá 29. apríl 1998 um undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 93/43/EBE um hollustuhætti í matvælaiðnaði að því er varðar sjóflutninga á hrásykri í lausri vigt.)	7. hefti, 2000, bls. 6	30.01.1999	30.01.1999
4/1999	29.01.1999	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 426/98 frá 23. febrúar 1998 um breytingu á I., II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.) (Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 613/98 frá 18. mars 1998 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.)	7. hefti, 2000, bls. 9	30.01.1999	30.01.1999
5/1999	29.01.1999	Breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/143/EB frá 3. febrúar 1998 um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar kerfi sveigjanlegra og vatnsþéttandi þakdúka með þar til gerðum festingum.) (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/213/EB frá 9. mars 1998 um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar skilveggjasamstæður.) (Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/214/EB frá 9. mars 1998 um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2.	7. hefti, 2000, bls. 17	30.01.1999	30.01.1999

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
